

Gerður G. Óskarsdóttir

Hvað er unglíngunum fyrir bestu?

Skipan unglíngastígs í Bláskógabyggð – Viðhorf og væntingar

**Kortlagning, unnin fyrir sveitarstjórn Bláskógabyggðar
september 2019**

Efnisyfirlit

Inngangur	4
I. Horft fram í tímann, 5 til 10 ár	6
1. Þróun nemendafjölda	6
2. Sameining sveitarfélaga	7
3. Staðareinkenni – rígur.....	9
4. Tækniþróun – fjarnám.....	9
5. Til umræðu	10
II. Nemendur – viðhorf og væntingar	11
1. Raddir nemenda í BR – skipan unglíngastígs.....	11
2. Raddir nemenda í BL – skipan unglíngastígs	12
3. Nemendur í framhaldsskóla – skipan unglíngastígs, horft um öxl.....	13
4. Félagslíf utan skóla – frá sjónahóli nemenda í BL og BR	15
5. Til umræðu	16
III. Skólustjórnendur og kennarar – viðhorf og væntingar	16
1. Þróun samstarfs skólanna um unglíngastígið.....	17
2. Starfshættir á unglíngastígi	17
3. Samstarfið – kostir/gallar	18
4. Líðan nemenda – gestir – félagslegi þátturinn.....	20
5. Nærsamfélag skólanna – byggðamál	20
6. Breytingar á skipan unglíngastígs.....	21
7. Til umræðu	22
IV. Foreldrar – viðhorf og væntingar	23
1. Skóli barnsins.....	23
2. Samvinna skólanna – akstur.....	23
3. Félagslíf utan skóla – sjónarhorn foreldra.....	24
4. Framtíðin – ólíkir byggðarkjarnar	25
5. Breytingar á skipan unglíngastígs.....	26
6. Til umræðu	26
V. Sveitarstjórn og skólanefnd – viðhorf og væntingar	27
1. Sagan litar umræðuna.....	27
2. Hugsanlegar breytingar á skipan unglíngastígs.....	28
3. Félagslegi þátturinn mikilvægur.....	29

4. Væntingar til þessa verkefnis	29
5. Til umræðu	30
VI. Samantekt.....	30

Inngangur

Í kjölfar samþykktar á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 20. júní 2019 tók undirrituð, Gerður G. Óskarsdóttir, að sér að vera til ráðgjafar um skipan unglíngastígs grunnskóla í Bláskógabyggð samkvæmt samningi undirrituðum 3. september 2019. Í honum segir að meginmarkmið verkefnisins eða leiðarljós sé að veita nemendum á unglíngastigi í sveitarfélaginu sem bestar náms- og uppeldisaðstæður og ná sem víðtækastri sátt um skipan námsins. Tilfni umræðunnar nú eru tvær ólíkar tillögur sem liggja fyrir sveitarstjórn um breytingar á núverandi skipan unglíngastígsins. Annars vegar er tillaga skólastjórnenda beggja skólanna í sveitarfélaginu um að leggja niður samstarfið um unglíngastigið í núverandi mynd, en taka í staðinn upp samvinnu um 3–5 daga lotur þrisvar yfir skólaárið til skiptis í skólunum (hér síðar gjarnan nefnd skólastjóratillagan). Hin tillagan er frá skólanefndinni um að unglíngastig fyrir nemendur í Bláskógabyggð sé aðeins rekið í Reykholti. Í lögum um grunnskóla, nr. 91, 2008, segir m.a. í 5. grein „Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, ... og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu. Sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólahald í sveitarfélaginu ...“

Þróun samstarfs: Skipan unglíngastígsins í Bláskógabyggð hefur verið í þróun frá stofnun sveitarfélagsins sem til varð við sameiningu þriggja sveitarfélaga árið 2002. Ekki er þar með sagt að sveitarfélagið hafi „orðið eitt“ á þeim tíma sem liðinn eru frá stofnun þess. Það hefur komið fram í umræðum um skólamálin í gegnum árin. Fyrsta áratuginn var einn grunnskóli í sveitarfélaginu, staðsettur á tveimur stöðum, en síðar skipt í tvo sjálfstæða skóla, Bláskógaskóla Laugarvatni (BL; með leik- og grunnskólastig) og Bláskógaskóla Reykholti (BR). Samstarf um nám nemenda á unglíngastigi hefur þróast þannig að í fyrstu voru nemendur á unglíngastigi í BL og BR saman í valgreinum í BR tvo hálfra daga í viku. Það þróaðist síðan upp í að þau hafa verið tvo heila skóladaga vikulega í BR í valgreinum og þremur bóklegum greinum. Markmið þessarar samvinnu var frá upphafi bæði faglegt og fjárhagslegt.

Verkefni ráðgjafa: Ákveðið var að í fyrstu lotu sneri verkefni ráðgjafa um að fá fram með viðtölum sem víðtækasta mynd af viðhorfum og væntingum þeirra sem málið varðar, nemenda, skólastjórnenda, kennara, foreldra og kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn og skólanefnd. Áhersla var lögð á að gefa röddum og sýn allra þeirra sem koma að málinu vægi og skapa grunn að frekari ákvörðunum. Ráðgjafi fór í vettvangsheimsóknir í báða Bláskógaskólana og átti 32 viðtöl við mismunandi aðila (sjá töflu 1). Sjónum var beint að uppeldislegri, námslegri og félagslegri velferð nemenda, en þegar á reyndi komu byggðamál einnig sterkt inn í umræðuna.

Tafla 1. Viðmælendur

Viðmælendur		Fjöldi viðtala
Nemendur á unglíngastigi (8–10. bekk) og í 7. bekk í BL og BR; Nemendur í ML (sem áður voru í BR eða BL)	Hóp- og einstaklingsviðtöl; Hópvíðtöl	11
Skólastjórnendur og kennarar við BL og BR (í sumum tilfellum að ósk viðkomandi)	Hóp- og einstaklingsviðtöl	8
Foreldrar	Hópvíðtöl	3
Sveitarstjórnar- og skólanefndarfulltrúar og sveitarstjóri	Einstaklingsviðtöl	10
Viðtöl alls		32

Viðtöl og vettvangsheimsóknir fóru fram á tímabilinu 3.–13. september 2019. Viðtölin stóðu í hálfu til eina klukkustund og fóru fram í báðum Bláskógaskólunum, Aratungu, Menntaskólanum á Laugarvatni og í einstaka tilfellum á heimilum viðmælenda. Sjónum var beint að bakgrunnsupplýsingum sem málið varða; því sem viðmælendum var efst í huga; framtíðarsýn; því skipulagi sem talið væri nemendum fyrir bestu náms- og félagslega; og viðhorfum til fyrirbyggjandi tillagna um skipan unglíngastígs í sveitarfélaginu. Sveitarstjórnar- og skólafólkið var sérstaklega spurt um væntingar sínar til þessa verkefnis. Ráðgjafi setti fram spurningar, leitaði eftir rökum þar sem við átti, hvatti viðmælendur til að horfast í augu við ákveðna þætti og vísaði í reynslu annarra og gagnstæðar skoðanir eftir atvikum.

Úrvinnsla: Punktur úr viðtölunum voru handskráðir jafnóðum meðan á viðtölum stóð og þeir síðan tölvuskraðir. Úrvinnsla viðtalanna fólst í að draga fram áherslupætti sem fram komu og raða þeim í ákveðin þemu eða flokka. Við nánari úrvinnslu voru flokkar sameinaðir og þeim fækkað og smám saman myndaðir nokkrir meginflokkar úr viðtölum við hvern viðmælendahóp og undirflokkar þeirra þar til flokkunin dró upp sem skýrasta mynd. Niðurröðun efnis í einstökum köflum í skýrslunni byggist á þessari flokkun.

Inntak skýrslu: Í þessari skýrslu eru dregnar saman helstu niðurstöður. Hún skiptist í sex kafla. Í I. kafla er greint frá efni sem fram kom þegar viðmælendur í hópi sveitarstjórnarmanna, skólafólks og foreldra horfðu fram í tímann, 5–10 ár, með áherslu á þær áskoranir sem upp gætu komið með hliðsjón af skipan unglíngastígsins. Þá koma fjórir kaflar þar sem greint er frá viðhorfum og væntingum fjögurra viðmælendahópa: nemenda (II. kafla), skólafólks (III. kafla), foreldra (IV. kafla) og sveitarstjórnarmanna (V. kafla). Sérstakur vilji var til að þess að hlusta á raddir nemenda og því er fyrst greint frá efni viðtala við þau. Hver kafla skiptist síðan í nokkra undirkafla eftir þemum sem fram komu. Í lokakaflanum (VI. kafla) eru teknir saman helstu áherslupættir sem fram komu, dregnar ályktanir og settar fram spurningar á grunni markmiðsins sem sett var með verkefninu um sem bestar náms- og uppeldisaðstæður unglínganna og sem víðtækasta sátt um skipan námsins.

Færðar eru bestu þakkir til allra þeirra sem þátt tóku í viðtölum og lögðu verkefninu lið með einum eða öðrum hætti.

27. september, 2019

Gerður G. Óskarsdóttir

I. Horft fram í tímann, 5 til 10 ár

Liður í samtölunum við kjörna fulltrúa, skólafólk og foreldra var að horfa fram í tímann og hugsa til þeirrar þróunar sem gæti haft áhrif á skipan unglingsstigsins, sem hér er í brennidepli. Fjórir áhersluþættir komu fram í þeirri umræðu, þ.e. þróun íbúafjölda og þar með nemendafjölda; hugsanleg sameining sveitarfélaga; ólík byggðarlög innan sveitarfélagsins; möguleikar sem tækniþróun hefur í för með sér. Aðeins var dregið á fjölmenningsleglegt samfélag.

1. Þróun nemendafjölda

Skólarnir í Bláskógabyggð eru fámennir. Nemendafjöldinn á grunnskólastigi hefur verið í kringum 120–130 síðasta áratuginn (tafla 2) og nú eru á leikskólastigi um 60 nemendur. Á leikskóla- og grunnskólastigi til samans eru nú rúmlega 190 nemendur (tafla 3).

Tafla 2. Heildarnemendafjöldi á grunnskólastigi í Bláskógabyggð undanfarin ár

Ár	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Heildarfjöldi	127	127	123	113	123	118	111	120	X	134

Heimild: Þarfagreining og mótun framtíðarstefnu skólahúsnæðis í Bláskógabyggð (2018).

Að meðaltali hafa því verið um 12–13 nemendur í árgangi á grunnskólastigi síðasta áratug (spönnin nú er 10–18). Ekki er að sjá að það breytist á næstu fimm árum. Bent var á að íbúafjöldinn í sveitarfélaginu væri rokkandi og árgangasveiflur í nemendafjöldanum (eins og alls staðar annars staðar) og fækkun eða fjölgun eitt ár þurfi því ekki að þýða áframhaldandi fjölgun eða fækkun. Í fámenni skipta einstakar fjölskyldur oft talsverðu máli hvað nemendafjölda varðar (barnafjölskyldur flytjast að eða flytja burt).

Tafla 3. Nemendafjöldi á leikskóla- og grunnskólastigi í einstökum árgöngum í Bláskógabyggð

Bláskógaskólar	Laugarvatni (BL)	Álfaborg og Reykholti (BR)	Alls
1 árs[+vitað um 2 á sv.] f. 2014	5	6	11
2ja ára	2	14	16
3ja ára	5	7	12
4 ára	5	5	10
5 ára	5	6	11
			[60 leik.]
1. bekkur	4	6	10
2. bekkur	8	10	18
3. bekkur	4	8	12
4. bekkur	5	9	14
5. bekkur	7	5	12
6. bekkur	4	11	15
7. bekkur	7	11	18
8. bekkur	1	11	12
9. bekkur	6	4	10
10. bekkur	5	8	13
			[134 grsk.]
Samtals haustið 2019	22 leik+39+12 ungl = 73	38 leik+60+ 23 ungl = 121	194

Heimildir: Af heimasíðu BR sept. 2019 og upplýsingar veittar í sept. 2019.

Í Kerhólsskóla á Borg eru sjö nemendur á unglíngastigi (þrír árgangar), en um tíma sóttu unglíngar þaðan skóla í BR.

Kynjahlutföll eru stundum ójöfn. Sem dæmi má nefna að á unglíngastigi í BL er nú ein stúlka í 8. bekk og enginn drengur og í 10. bekk einn drengur og fjórar stúlkur. Í 6. bekk í BL er ein stúlka og þrír drengir og í 7. bekk er ein stúlka og 6 drengir. Í BR er einn drengur og sjö stúlkur í 10. bekk og engin stúlka en fjórir drengir í 9. bekk.

Spá má um nemendafjölda á unglíngastigi út frá núverandi nemendafjölda í leikskóla og grunnskóla tólf ár fram í tímann (miðað við að fjöldi í árgangi haldist óbreyttur; sjá töflu 4). Á unglíngastigi eru nú 35 nemendur í BL og BR (sjá töflu 3) eða tæplega 12 í árgangi. Ekki er að sjá að neinar stórar breytingar verði þar á næsta áratuginn. Meðaltalið gæti orðið 13 í árgangi, eða í kringum 40 nemendur á unglíngastigi í sveitarfélaginu. Þar hafa áhrif tveir árgangar sem eru fjölmennari en aðrir með 18 nemendum (núverandi 2. og 7. bekkur). Munur gæti orðið á fjölgun í byggðarkjörnum sveitarfélagsins, Laugarási, Laugarvatni og Reykholti. Nú fækka fæðingum á Íslandi, en fjölgun landsmanna byggist fyrst og fremst á fjölgun innflytjenda.

Tafla 4. Spá um nemendafjölda á unglíngastigi í Bláskógabyggð (þrír árgangar) árin 2020–2031 út frá núverandi fjölda í einstökum árgöngum leik- og grunnskóla

Ár	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031
Nemendafjöldi	35	40	45	45	41	38	44	40	39	31	33	38	39

Nemendafjöldi í skólunum næstu árin getur hugsanlega haft áhrif á viðbrögð við sameiningum sveitarfélag sem fjallað er um í næsta kafla.

2. Sameining sveitarfélaga

Margir viðmælendur bentu á að sveitarfélagið Bláskógabyggð væri í raun ekki enn orðið eitt sveitarfélag. Enn sæti í fólki hvernig sameiningin varð (ekki kosið beint um hana), hún hefði jafnvel verið mistök og enn væri rígur undir niðri milli byggðarkjarna (sjá hér síðar). Mönnum var um leið ljóst að ekki verður aftur snúið. Sumum viðmælendum féll ekki vel að sameiningarmál væru tekin upp í þessari umræðu eða að rædd væri reynsla annars staðar frá í þessum efnum. Aftur á móti lögðu aðrir áherslu á að menn yrðu að þora að horfa til þessarar þróunar í landinu.

Á þeim tíma sem viðtölin fóru fram lýsti Samband íslenskra sveitarfélaga yfir stuðningi sínum við þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023, sem lögð hefur verið fyrir alþingi og byggist á fyrirbyggjandi reglugerð frá 2018.¹ Þar er mörkuð stefna um að sveitarfélög í landinu verði að

¹ Reglugerð um gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins um málefni sveitarfélaga, nr. 1245/2018 frá 17. desember 2018. Í 1. gr. segir: „Ráðherra leggur að minnsta kosti á þriggja ára fresti fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga til fimmtán ára í senn. Í áætluninni skal jafnframt mörkuð aðgerðaáætlun til næstu fimm ára á þessu sviði.“ Í 2. grein segir: „Ráðherra skipar fjögurra manna starfshóp sem gerir tillögur til ráðherra að stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga til fimmtán ára í senn og aðgerðaáætlun til fimm ára.“

lágmarki með 1.000 íbúa sem þýðir að sveitarfélög með færri en 1.000 íbúa þurfi að sameinast á næstu árum eða fyrir árið 2026.² Í Bláskógabyggð eru um 1.000 íbúar, þannig að þetta viðmið á ekki við þar. Gjarnan beinast sameiningar að því að auka, auðvelda eða hreinlega halda uppi þjónustu við íbúa. Nefnt var í viðtölum að erfitt væri að manna fagstéttir í fámenni, t.d. í skipulagsmálum og skólum.

Valkostir: Í viðtölunum var ítrekað bent á að íbúafjöldi í þremur sveitarfélögum í nágrenninu væri undir fyrrnefndu viðmiði, þ.e. í Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Grímsnes- og Grafningshreppi (Borg). Þau verða því að fara í sameiningarviðræður við einhverja. Fram komu vonir um að fleiri sameiningar verði. Þetta þurfi Bláskógabyggð að hafa í huga, og spurning væri hvort hún ætlaði að vera með og hafa áhrif eða ekki. Fram kom að uppsveitir Árnessýslu gætu sameinast í eitt sveitarfélag eða öll Árnessýsla, e.t.v. með Selfoss sem miðstöð. Fyrri kosturinn var talið auðveldara skref, alla vega í fyrstu að álit margra sem tjáðu sig um málið. Með sameiningu uppsveita Árnessýslu væri Reykholt mest miðsvæðis af byggðarkjörnunum, þar sem Flúðir væru t.d. uppi við hálendisbrúnina. Sameiningar gætu haft í för með sér hagræðingu í yfirstjórn, skilvirkari og faglegru stjórnslu og meiri möguleika á ýmiss konar sérfræðiþjónustu.

Byggðasamlög: Bent var á að nú er Bláskógabyggð aðili að um 20 byggðasamlögum, m.a. um skóla- og velferðarþjónustu (Árnesþing utan Selfoss), tónlistarskóla (öll Árnessýsla), málefni fatlaðra (13 sveitarfélög) og byggðasöfn (öll Árnessýsla). Farið hefur verið í stofnun byggðasamlaga til að bæta þjónustu við íbúa á ákveðnum sviðum. Sumir töldu að sameiningarmál yrðu auðveldari vegna allra byggðasamlaganna. Nú er eitt búnaðarfélag í sveitarfélaginu, en yfirleitt tvö félög á öðrum sviðum, s.s. ungmennafélög.

Skólarnir: Þá vaknar sú spurning hver áhrif sameininga verða á skipan skóla, hvernig sem þær verða. Bent var á að ekki þyrfti endilega að fækka skólum eða sameina skóla samfara sameiningum sveitarfélaga. Styrkja má minni einingar þótt sameiningar verði. Sumir spáðu þó að skólum muni fækka við frekari sameiningar. Sumir skólar eru mjög fámennir og þeir eru kostnaðarsamari en stærri skólar og eiga stundum í vanda með mönnun. Aðrir skólar liggja nærri hver öðrum. Sem dæmi var bent á að nú færu unglingar úr Þjórsárskóla í Flúðaskóla og aðeins 10 mín. væru að fara með börn frá Borg í leikskóla á Laugarvatni. Unglingadeild mætti vera hvar sem er, t.d. ein til tvær unglingsdeildir í uppsveitum Árnessýslu. Bent var á að nú er stutt á milli Reykhólts og Flúða. Fram kom að sameining allrar Árnessýslu hefði trúlega meiri áhrif á skólaskipan en sameining uppsveitanna, þá færu kannski unglingsarnir í skóla á Selfossi en þau úr Þingvallasveit hugsanlega í Mosfellsbæ o.s.frv.

Á grunni þess sem hér hefur komið fram, var bent á mikilvægi þess að koma skólunum í gott horf með hliðsjón af framtíðinni. Þar giltu ekki aðeins fjárhagsleg sjónarmið. Bent var á að

² *Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023.* Frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Í kafla um framtíðarsýn og meginmarkmið fyrir árin 2019-2033. segir m.a. „Sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi.“ Úr mælikvörðum: „Ekkert sveitarfélag hafi færri en eitt þúsund íbúa“. Í aðgerðaráætlun 2019-2023 segir m.a.: „Lágmarksíbúafjöldi verði 250 frá almennum sveitarstjórnarkosningum árið 2022, en 1.000 frá almennum sveitarstjórnarkosningum árið 2026.“ Ábyrgð: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Samstarfsaðilar: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélög.

margir teldu mjög mikilvægt að yngstu börnin upp í 10–12 ára væru í skóla sem næst heimili sínu. Annað gæti gilt um unglíngana, alls konar breytingar verða í þroska þeirra á þessum aldri og meiri áhugi og þörf fyrir félagsleg tengsl og sjálfstæði.

Samgöngur: Samgöngur fara stöðugt batnandi á svæðinu, vegir verða betri og brýr skapa meiri heildir. Reiknað er með að sú þróun haldi áfram.

Loks var bent að þessi umræða væri erfið, hún byggði stundum fremur á tilfinningu en rökhyggju.

3. Staðareinkenni – rígur

Ítrekað kom fram í samtölum við sveitarstjórnarmenn, skólafólk og foreldra, að byggðarkjarnarnir í Bláskógabyggð væru ólíkir og hvert samfélag með sínum brag eða menningu. Staðarbragur verður alltaf misjafn. Þetta er ekki óeðlilegt, en virðist hafa áhrif á samskipti og viðhorf. Jafnvel örlaði á vantrausti og fordómum í þessum efnunum. Það hefði áhrif á viðhorf til skólamála. Sumir töldu að menningarmunur milli svæða kæmi fyrst og fremst fram í skólamálaunum í Laugardal og Tungum. En einn viðmælandi sagði: „Af hverju ekki að taka samtalið?“

Bent var á að Laugarvatn hefði verið skólasetur lengi vel með skóla á öllum skólastigum, en nú hefur skólunum fækkað og þar komin mikil ferðaþjónusta. Þrír skólar, reknir af ríkinu, settu fyrir á árum svip sinn á þorpið en eru nú horfnir: Héraðsskólinn, Húsmæðraskólinn og Íþróttakennaraskólinn/Íþróttakennaranám við HÍ. En þar er nú menntaskóli (ML). Bent var á að þorpið á Laugarvatni lifir þótt þessir skólar hafi horfið og önnur starfsemi komið í staðinn, s.s. tvö fræðasetur (Rannsóknastofnun sveitarstjórnarmála og háskólasetur í náttúrufræði), skólabúðir UMFÍ og áhugi væri á stofnun Lýðháskóla. Þær byggingar og landið sem sveitarfélagið hefur nú eignast bjóða upp á ýmsa möguleika. Tillögur sem lagðar voru fram í sveitarstjórn um að flytja unglíngastigið í BL olli ólgu í Laugardal eða eins og það var orðað „reis allt upp“, „bókunin alger bomba“, „þruma úr heiðskíru lofti“, „samfélagið á Laugarvatni logar“. Þar óttast menn að missa skólann, einkum ef fleiri sameiningar sveitarfélaga verða, fyrst unglíngastigið og síðan kæmi kannski miðstigið á eftir o.s.frv. Telja það mundi hafa mikil áhrif á byggðina, yrði jafnvel forsendubrestur í búsetu. Fólk sagt spyrja hvort í byggðarlagi sé skóli áður en það flytur þangað. Aðrir gætu spurt hve margir væru í árgangi, t.d. á unglíngastigi. Sveitarstjórnarmenn gera sér góða grein fyrir þessum viðhorfum.

Reykholt liggur miðsvæðis í rótgrónu landbúnaðarhéraði með garðyrkju og ferðaþjónustu eins og Laugarás. Nemendur sem sækja skóla í Reykholti eru talsvert fleiri en í skólanum á Laugarvatni.

Rígur milli staða kom m.a. fram í neikvæðum ummælum um hinn staðinn eða hugmyndum sem ekki var svo auðvelt að færa sönnur á. Sem dæmi var sagt að það væri jákvæðara andrúmsloft gagnvart skóla „há okkur“ en „hinum“, en aðrir sögðu síðan þveröfugt.

4. Tækniþróun – fjarnám

Þegar hugsað var til framtíðar bar tæknina einnig á góma. Rætt var um nýtingu hennar í námi og kennslu, samskiptamöguleika og fjarnám. Unglíngarnir eru þegar í miklum samskiptum á

samskiptamiðlum og var það af mörgum talið bæta upp takmarkaða möguleika þeirra til að hitta aðra unglunga augliti til auglitis.

Fjarnámi vex nú fiskur um hrygg. Það er auðveld leið til að afla sér þekkingar og miðla fræðslu, vera í sambandi við kennara, taka þátt í umræðum og eiga í samstarfi ef aðstaða og kunnátta er fyrir hendi. Einnig var bent á að fjarsamskipti komi ekki í stað samskipta maður á mann. Kenna má einstakar námsgreinar í fjarkennslu og sinna sérkennslu nemenda með sérþarfir í stað þess að þau fari úr byggðarlagi og getur þannig dregið úr jaðarsetningu. Dæmi var um að viðmælendur væru sjálfir í fjarnámi og hefðu af því góða reynslu. Með fjölgun íbúa af erlendum uppruna fjölgar væntanlega börnum og unglingum með annað móðurmál en íslensku, sem verður áskorun fyrir skólana. Þá kæmi tæknin að góðum notum. Nefnt var að nú væru um 25% íbúa í Bláskógabyggð erlendir ríkisborgarar.

Fyrirtækið Trappa er með kennara á sínum snærum sem taka að sér fjarkennslu nemenda eða nemendahópa, t.d. í einstökum námsgreinum (hefur kynnt starfsemi sína fyrir sveitarstjórninni). Á heimasíðu Tröppu er t.d. dæmi um samvinnu nemenda á tveimur stöðum á landinu þar sem þau unnu saman að verkefni þvert á námsgreinar. Bent var á að með því að kaupa slíka þjónustu að í skólum sveitarfélagsins myndi það verða til þess að störfum fækkaði.

Í BR er nú sérstök áhersla á nýtingu tækninnar í námi og kennslu og hafa allir nemendur á unglingastigi spjaldtölvu til afnota.

5. Til umræðu

Ljóst er að nemendahópurinn á unglingastigi grunnskóla í Bláskógabyggð er fámennur og ekki líkur á hann stækki mikið á næstu árum, þótt erfitt sé að segja til um þróun íbúafjölda. Taka þarf mið af því. Mikilvægt er að fylgjast vel með þróuninni í þeim efnum í stærra samhengi, bæði í Bláskógabyggð og nágrennasveitarfélögum – og muna jafnframt eftir tækniþróuninni. Þá vaknar spurningin: Hvað er nemendum fyrir bestu á næstu árum í þessum efnum: Stunda námið í tveimur fámennum hópum, einum stærri hópi eða blöndu af þessu tvennu? Um það fjallar þetta verkefni.

Með hliðsjón af stöðunni í þróun sameiningar sveitarfélaga í landinu og áhrifa þeirra á skólaskipan eru nokkrir valkostir um viðhorf: Á að afneita þessari þróun? Á að láta tímann líða og sjá til? Á strax að fara að undirbúa sig fyrir frekari sameiningar og þá hvernig? Spyrja má: Hvað gæti Bláskógabyggð haft fram að færa í nýju umhverfi?

Við þetta má bæta spurningunni: Hvaða skref er unnt að taka til að láta ekki óeiningu eða kulda milli byggðarkjarna hafa áhrif á framgang mála? Kannski eiga hér við lokaorð eins viðmælanda: „Sveitarfélagið verður ekki eitt fyrr en krakkarnir sem verið hafa saman fara að stjórna.“

Hvernig svo sem þær ytri aðstæður sem hér hafa verið til umræðu þróast má ætla að velferð nemenda verði höfð að leiðarljósi við skipan skólamála. Því verður sjónum beint að röddum nemenda í næsta kafla.

II. Nemendur – viðhorf og væntingar

Í þessu verkefni var lögð áhersla á að raddir nemenda fengju að njóta sín og hlustað væri á þau. Í viðtölum við nemendur í BL, BR og Menntaskólanum á Laugarvatni (ML) var rætt um viðhorf þeirra og reynslu af núverandi skipulagi unglingastigsins, kosti þess og galla. Leitað var eftir hugmyndum um aðra möguleika í þessum efnum og spurt hvað þau mundu gera ef þau fengju að ráða skipulaginu alveg. Greint er frá niðurstöðum eftir skólum með hliðsjón af efni þessa verkefnis sem hér um ræðir. Félagslíf utan skóla var nemendum hugleikið.

1. Raddir nemenda í BR – skipan unglingastigs

- **Núverandi skipan, BL tvo daga í BR, brot úr svörum nemenda í BR:**

Kostir: Almennt voru BR-nemendur mjög ánægð með að stunda námið með BL-nemendum. Þegar BL-nemendur koma í BR bæta þau hópinn, skemmtilegt, skemmtilegra að vera með fleirum, vinaleg, tilbreyting. Þægilegra í kennslustundum þegar þau eru; meira kemur inn í samræðurnar, þá betra fyrir alla ef fleiri. Kynnast nýjum krökkum, mjög gaman að hitta aðra krakka, erum þá ekki alltaf að tala við þau sömu. Sumir áttu ekki vini, en þegar þau komu eignuðust við/þau vini, meira úrval í vali á vinum. Hafa sum verið saman síðan í leikskóla eða 1. bekk, kominn tími til að hitta fleiri. Við erum spennt, hlökkum til þegar þau koma. Nemendur í 7. bekk í BR vildu ólm fá BL-nemendur, sögðust rosalega spennt að byrja næsta ár í samvinnu.

Gallar: BR-nemendur höfðu áhyggjur af því að BL-nemendum fyndist þau vera gestir í BR. Sögðust oft hafa rætt það, en vissu ekki hvað þau gætu gert; hafa spurt hvað væri hægt að gera svo þeim liði ekki eins og gestum; vitum ekki hvað þau vilja. Sögð greinilega vera viðkvæm umræða. Sum eru inni í sér; einu sinni fór ein að gráta. Þessi umræða getur líka látið okkur líða illa. Kennarar spyrja hvað við getum gert. Segjast tala saman þvers og kruss. Þegar við erum saman erum við alltaf blönduð í tímunum. En oftast er þetta mjög fínt. Kannski gætum við talað meira við þau; gert meira saman, farið í ferðir og hrist okkur betur saman í upphafi skólaársins.

- **Ef reglubundnu samstarfi yrði hætt, brot úr svörum nemenda í BR:**

Leiðinlegt ef þau hætta að koma, mundum sakna þeirra. Erum ekki til í það. Nei, alls ekki. Væri leiðinlegt ef bara við, hræðilegt. Fengjum þá leið hvert á öðru hér. Mundum ekki kynnast. Var svo gott fyrir mann í 8. bekk að fara út fyrir þægindarammann. Kynnast mun betur ef saman í náminu, heldur en bara saman í félagsstarfinu. Einhverjum væri sama, en segir þau megi vera. Í öllum viðmælendahópum nemenda í BR kom mjög skýrt fram sá vilji að BL-nemendur mættu alls ekki hætta að komi í BR.

- **Hugsanlegar breytingar á samstarfinu, brot úr svörum nemenda í BR:**

Fjölga í hópnum: Vilja líka fá nemendurna úr Kerhólsskóla á Borg, vilja hitta þau og telja þau örugglega vilja koma. Gaman væri að sjá marga saman. Viljum kynnast krökkum í öðrum sveitarfélögum. Gott að hitta þau í skólanum en ekki bara í félagsífinu.

BR-nemendur fari líka í BL: Þætti gaman að fara einn dag í viku á Laugarvatn; vildu sjá þeirra skóla líka. Þar er fuglasetrið, kofinn í útistofunni með grilli og bekkjum, íþróttahúsið, ræktin svo flott, með framandi tækjum, og gufubað, sum vildu vera þar í útivist. Langar jafn mikið að fara

til þeirra, t.d. þau hér tvisvar og við hjá þeim einu sinni í viku. Eða alla vega vera þar í þemavikum.

Fjölga dögum BL-nemenda í BR: Vildum að Laugvetningar kæmu í BR þriðja daginn í vikunni, jafnvel fjórum sinnum. En ekki alla vikuna (virtust einróma um það). Gott að vera ein a.m.k. einn dag eða einhverja daga í viku. Vildu þó mun frekar vera alltaf öll saman í náminu en aldrei (nánast einróma). Æðislegt ef þau kæmu oftar, gætum unnið meira með þeim.

2. Raddir nemenda í BL – skipan unglíngastígs

- **Núverandi skipan, BL tvo daga í BR,** brot úr svörum nemenda í BL:

Kostir: BL-nemendur voru almennt ánægð með að fara reglubundið í BR. Fínt, gaman að fara í BR. Ekki slæmt. Fjölbreytni, nýir krakkar. Gaman að vera með hinum krökkunum. Erum svo fá hér, fleiri þar; ekki alltaf með sama fólkinu. Leiðinlegt að vera alltaf með þeim sömu. Viðmælandi sagðist ekki taka eftir því að fara milli skóla, er eins og venjulegur skóladagur.

Hitta vini. Góðir vinir. Á vini þar, mundum ekki kynnast ef bara hér, meiri fjölbreytni er plús. Ekki breyta neinu. Sögðu að það væri spenna í 7. bekk að fara í BR, tilhlökkun. Spenna væri hjá yngri krökkum sem þau þekktu, ekki taka af þeim að fá að fara, allir yrðu svekktir. Vilja líka hitta krakkana á Borg. Nefnd spenna við að fara í BR og tilhlökkun, en líka svolítill kvíði.

Fjölbreyttari kennsluhættir í BR þar sem hópurnir er stærri (allir virtust sammála um þetta). Meira val í BR. Erum meira í bókunum hér, oft allir að læra sér í sinni bók hér. Í BL öll í þremur árgöngum að lesa sömu bækur (í einhverjum greinum) en líka saman í hópvinnum. Voru bara bækur hér í dönsku og ensku í 5., 6. og 7. bekk, en við tölum í BR og lærum miklu meira. I-paddar hinum megin. Ekki alltaf í sömu stofunni með sama fólkinu í BR. Hver myndi kenna okkur ef bara hér (taldar upp námsgreinar)? Hér væru svo fáir kennarar, þau sömu mundu kenna okkur allt. Skrítið að ekki eru skólafrí og foreldraviðtöl á sömu dögum.

Galli – gestir: Erum alltaf / stundum / smá / eins og gestir; ekki partur af hópnum; getum ekki breytt því að vera gestir. Ekki slæmt, en er ekki alveg eins og skólinn okkar. Þetta hér [BL] er alltaf skólinn okkar. Þar er talað um okkur og hin eða Reykhyltinga og Laugvetninga, en nemendur koma vel fram við okkur. Stundum eru vinahópar í BR saman. Ein segist hætt að taka eftir því að vera gestur. Minni gestir en við vorum, nú sækja báðir hópar ávextina (í hléi að morgni). Var skrítið fyrst í 8. bekk, tekur smá tíma.

Galli – vanlíðan: Lýst var vanlíðan. Langar ekki að vera þarna og hefur aldrei liðið vel þar né hér, vill samt ekki breyta, gott fyrir mig að fara út fyrir þægindarammann. Annar viðmælandi sagði þau ekki taka sérlega vel á móti manni, vilja ekki kynnast, skil ekki eða sér ekki tilganginn. En gott að vera með þeim í félagsmiðstöð og helgarsmiðjum, þekkja þau betur. (Bent er á að ekki sé víst að nemendur sem líður illa í BR hafi viljað úttala sig um það í þessum umræðum. Sama getur átt við um þau sem líður e.t.v. illa í fámenni.)

Galli – símar: Þar má vera í símanum, ef allir eru í símanum þá er ekkert talað saman.

Skólaakstur: Akstur fyrir suma sem annars ganga í skólann. Í BL koma fjórir af 12 nemendum á unglíngastigi í skólabíl í skólann, en hinir eru í göngufæri. Mun fleiri fara daglega með skólabíl í BR (fjórir bílar í akstri). Sögðust kjafta saman í skólabílnum eða vera í símunum sínum. Einn

viðmælandi kvartaði undan akstrinum. Annar sagði að skipuleggja mætti aksturinn betur með samræmingu við bíla sem aka nemendum í BR.

- **Ef reglubundnu samstarfinu yrði hætt**, brot úr svörum nemenda í BL:

Alls ekki til í að hætta að fara þangað, mikilvægt að halda sambandinu við krakkana. Hér verður aldrei gott eða fjölbreytt val; yrði meira vesen með val, leiðinlegt val hér. Er alltaf fjölbreyttari kennsla í stórum hópi.

- **Hugsanlegar breytingar á samstarfinu**, brot úr svörum nemenda í BL:

Ekki bara vera í BR, hér er heimaskólinn okkar, en heldur **ekki vera bara í BL**. Sammála, vil ekki hætta að fara í BR, vil halda áfram. Ekki breyta, alls ekki sleppa. Ekki sátt með að hætta, v/fjölbreytni, valið, vinirnir. Mundi mótmæla! Fínt að fara og læra í öðru umhverfi, fínt að hafa stundum aðrar reglur. Sumir eru einir í árgangi, eina stelpan eða eini strákurinn, vilja vera með fleiri krökkum. Gaman að breyta til þegar þú þekkir fleiri, er búin að kynnast. Mundi velja tvisvar í viku fyrir eldri, á þá fleiri vini. Alls ekki alla dagana í BR og alls ekki alla dagana hér í BL. En af hverju koma þau [BR] ekki líka til okkar? Bent á að þau hafi gert það.

Frá 7. bekkingum í BL: Nær öll sögðust mjög spennt að fara í BR næsta vetur. Alls ekki vera bara í BL, fjölbreytni. Einhver eiga þegar vini í BR og hlakka til að hitta þau meira. Einum viðmælanda var sama.

3. Nemendur í framhaldsskóla – skipan unglíngastígs, horft um öxl

Nú eru alls um 10 nemendur úr Bláskógabyggð á 1.–3. ári í ML af tæplega 140 nemendum eða rúmlega þrír úr árgangi (upplýsingar frá skólanum). Ef 12–13 nemendur eru í árgangi í Bláskógabyggð virðist því um fjórðungur af árgangi hafa valið sér ML undanfarin ár.

Rætt var við tvo hópa nemenda í ML sem verið höfðu í BL eða BR á unglíngastigi grunnskóla. Þau veru beðin að líta um öxl til unglíngastígsáranna. Spurt var um skólaakstur, reynsluna af því að vera saman í BR hluta vikunnar og hugmyndir um annars kona skipulag.

Vegalengdir í skóla – skólaakstur: Þau sem voru í BL gátu ýmist gengið í skóla eða komu þangað með einkabíl eða skólabíl. Ferðin í BR kom svo til viðbótar. Hvernig var það? Var allt í lagi, gat þá sofið í um 20 mín., lét mig hafa það. Það var verra að bíða þar síðdegis. Var alltaf svangur og lá á að komast heim að borða.

Viðmælandi sem fór í skólabíl alla daga í BR fannst það þægilegt, hafði þá lengri tími til að vakna, „maður er dauðþreyttur á morgnana, fékk tíma til að komast í gang, var alls ekki svo slæmt.“ Annar sem var fremur stuttan tíma í skólabíl sagði þau bara hafa verið að spjalla.

Reynslan af að vera saman í BR: Var gaman að sjá ný andlit, kynnast fleirum; var fínt að kynnast hinum krökkunum, sögðu nemendur úr BL. Vorum mjög fá í árgangi, var skrítið að koma í BR, öðru vísi, en æðislegt. Viðmælandi sagðist í fyrstu ekki hafa verið spenntur að fara tvo daga í BR, en gleymdi því fljótt. Frábært að kynnast öllum árganginum. Borgar-krakkarnir komu í lok dagsins í val í 8. og 9. bekk (hætti svo í 10. bekk). Værum ekki eins náin nú ef við hefðum aldrei verið saman í skóla. Tvö sem kynntust í BR, hittust því sem kunningjar eða „hálf-skólasystkin“ hér í ML, en þekktu varla aðra í skólanum (ML), það var mjög fínt.

Nemandi úr BR rifjaði upp að það fjölgaði mikið þegar BL komu, mjög gaman. Hitta annað fólk, skemmtilegt, skemmtilegir krakkar; allt fjölbreyttara, fínt að vera með þeim í tímum. Annar nemandi úr BR sagði það hefði verið mjög skemmtilegt, hefði ekki nennt í skólann ef alltaf með þeim sömu (endurtók síðar í viðtali: aldrei nennt að mæta í skólann, ef bara þessi sömu). Vorum alltaf svo spennt fyrir mánudögum og miðvikudögum, aðra daga ekkert að gerast, en svo komu þau. Ef ekki saman þá hefði viðmælandi ekki verið í neinu sambandi við nemendur í BL. Auðveldara að koma í ML af því ég þekkti áður einhverja. Þá daga sem „valið“ var, þá var allt unglíngastigið úr báðum skólum blandað (samkensla árganga), var svo skemmtilegt, valdi t.d. skólahreysti og leikskólalaf. Annar valdi ljósmyndaval og tölvu-teiknimyndagerð.

Hugsanlegt fyrirkomulag/breytingar:

- **Algerlega aðgreint:** Hefðu alls ekki viljað missa af því að vera saman. Fámennið svo mikið. Er svo lítið samfélag hér, hollt að kynnst krökkunum í sveitunum í kring. Verðum að kynnst. Alltaf saman þeir sömu í 10 ár, nei. Við höfum ekki sömu tækifæri og krakkar í bænum til að velja okkur vini; við svo fá.
- **Unglíngastigið alfarið í BR:** Tveir viðmælenda sögðu mjög skýrt: alls ekki rífa unglíngastigið alveg frá, ekki hafa alltaf saman. Annar viðmælandi bætti við að þá væri ekki þessi spenningur að hittast stundum. Endurtekið af öðrum í hópnum: Kannski ekki eins spennandi að vera öll saman ef það væri alltaf. Ef einhver í 8. bekk BL á vini í 7. bekk, missir þá af þeim fyrsta árið.
- **Núverandi skipan:** Best að hafa nemendur saman að hluta, eykur samskiptin; kynnst, eykur samstöðu og samheldni. Sparar fé; mikilvægt fyrir fögin, sérhæfing kennara (faglegur bakgrunnur kennara); það er svo lítið af stofum og kennurum í BL. Mjög góða hugmynd að fara tvo daga í BR, langar ekki að hætta, er bara fyrir framtíðina. Fínt að vera dálítið á báðum stöðum, en ekki fara alveg. Styður eindregið þetta kerfi sem er. Þá fara þau sem geta gengið að heiman í BL ekki alla daga í rútu. Viðmælandi vildi fá þau í BR sem flesta daga, telur sig tala fyrir allan bekkinn. Vonandi að haldi áfram, kynnist. Sagt nánast í kór í öðrum hópnum: Ekki alla daga alla vikuna, en tvo daga vegna félagslífisins, mjög mikilvægt.

Viðmælendur sögðu frá reynslu systkina sinna eða frændsystkina sem nú eru á unglíngastigi og eru saman tvo daga vikulega í BR. Voru sögð sátt við þessa tvo daga, finnst skemmtilegt að fara í BR. Gaman að fá þau úr BL í BR. Eiga vini í hinum skólanum, vilja alls ekki sleppa að vera saman í BR. Sagt frá nemanda sem í fyrstu var ekki sáttur við BR, en finnst núna ágætt og gaman, aldrei heyrt um kvíða, ekkert heyrt kvartað um rútuferðina.

Kennsluhættir: Sumum viðmælenda fannst þeir að sumu leyti svipaðir milli skólanna. Annar: Vorum bara að reikna í stærðfræði og lesa ljóð í íslensku í BL. Í BR voru kynningar og verkefnaskil. Öðrum hentar betur að læra fyrir próf eins og var í skóla þar sem viðkomandi var áður. Best að hafa blöndu af þessu. Í ML er meira eins og var í BR. Nú þyngra nám í ML.

Gestir: Spurt var sérstaklega um þá tilfinningu að vera gestur í BR. Einn viðmælandi svaraði „pínulítið, en ég varð svo vanur því að vera þar, var fyrst en svo vandist ég því.“ Annar: „Man ekki eftir að það hafi verið talað um það. Er ekkert slæmt.“ Nemandi úr BR sem virtist koma spurningin á óvart: „Voða venjulegt, var bara mjög ánægð að fá þau yfir.“

Smiðjuhelgar: Voða fínar, en stundum lítið val í boði. Annar: Þá var Borg líka með, það var mjög skemmtilegt, svo var Flóaskóli einu sinni en hætti, því miður.

Umræða heima fyrir: Spurt var hvort þau hefðu rætt þetta heima fyrir. Viðmælandi sagði foreldra vilja að krakkarnir kynnist krökkum í sveitinni, mundum ekki þekkja þau ef þau hefðu ekki verið saman í BR, það er dýrmætt. Fínt svona, skemmtilegt. Einn sagði foreldra alls ekki vilji flytja unglíngana alveg í BR. Hluti af samfélaginu er að hafa unglíngana.

Bætt var við í lokin í öðrum hópnum: Hlustið á vilja krakkanna, tvo daga hollt og gott, þroskast í samskiptum; ef stærri hópur, skilur maður og lærir mannleg samskipti betur. Eru ein lítil fjölskylda í heimaskólanum, passa þau litlu, þykir vænt um þau, en þurfum meiri félagsskap.

4. Félagslíf utan skóla – frá sjónahóli nemenda í BL og BR

Nemendur í báðum skólunum, BR og BL, var tíðrætt um félagslífið. Þau töluðu mjög jákvætt um félagsmiðstöðina og sögðu frá öðru félagsstarfi sínu. Einnig fengust upplýsingar frá forstöðumanni félagsmiðstöðvarinnar.

Félagsmiðstöðin (upplýsingar bæði frá forstöðumanni og nemendum): Nefnd Zetor (sbr. traktor!). Hún er til skiptis í skólunum þremur fyrir unglíngastigið í BL, BR og Kerhólsskóla á Borg og er þannig hreyfanleg félagsmiðstöð fyrir 8.–10. bekk (7. bekk boðið á lokakvöld að vori). Hún er sér stofnun innan sveitarfélaganna sem að henni standa. Í fyrirsvari eru þrír aðilar sem búa í Árnesi, á Laugarvatni og í Grímsnesi (sá vinnur í sjálfboðavinnu). Fá ákveðna fjárveitingu í reksturinn. Er opin vikulega á fimmtudögum kl. 19.30–22.00 (var áður aðra hverja viku). Fer fram í sal og þar í kring í BL, í Kringlunni, bókasafni og þar í kring í BR og í rými frístundar á Borg. Starfið er auglýst á fésbók (þar eru nemendur og foreldrar) og Snappschat (þar eru nemendur sagðir 100%).

Flestir viðmælendur í hópi nemenda í báðum Bláskógaskólunum sögðust fara stundum eða oft í félagsmiðstöðina. Yfirleitt góð þátttaka á viðkomandi stað, fáir sem taka aldrei þátt. Dregur úr þátttöku í 10. bekk, en mæta á böll og viðburði.

Þarna er frjálst starf. Stjórnendur hitta nemendur þar sem stöðin verður næst og spyrja hvað þau vilji gera (vilja ekki taka ákvarðanir fyrir þau). Stundum er matur eða bakað, boltaleikir úti við, borðtennis og playstation-tölva fer á milli. Í BR er billiard. Eru lítið að hanga í símunum. Af og til er dagskrá, t.d. fengu þau glærur frá Stígamótum um að setja og virða mök í tengslum við Samfés ball. Stefnt á að fara austur í Vík á söngvakeppni Suðurlands í vetur (Samfés að baki). Hafa farið á ball á Selfossi. Stefnt á ferð í Flóaskóla. Nemendur þurfa leyfisbréf frá foreldrum fyrir böllin.

Umsagnir nemenda: Mjög fínt, rosalega gaman. Ekki nóg að hittast bara þar. Stundum erfitt að mæta, foreldrar keyra þangað eða þau fá skutl með öðrum, oft er ekki auðvelt að fá far og því of mikið að hafa hana tvisvar í viku, þá mundu færri mæta. Ef þau mundu bara hittast í Féló (þ.e. ekki líka í skóla), mundu vinir vera saman og kannski ekki blandast neitt.

Íþróttir: Einhverjir nemendur í báðum skólum höfðu hist áður (á miðstigi) í íþróttum, á æfingum eð mótum. Svo var að sjá að um helmingur nemendur á unglíngastigi í BL og BR stundi íþróttir a.m.k. einu sinni í viku. Um var að ræða t.d. frjálssar á Flúðum (sagt flókið að keyra fyrir suma) og Laugarvatni; fótbolta á Laugarvatni og í Hveragerði; dans á Selfossi. Strákur kallaði á skipulag í

Íþróttum í þá veru að krakkar frá fleiri stöðum gætu spilað saman t.d. körfubolta (með þeim væru t.d. Hrunamenn, Hveragerði og Selfoss) og gætu þá haft lið og farið á mót. BR-nemendur hefðu viljað meira framboð af íþróttum á staðnum, s.s. júdó og karate. Þau töldu að nýta mætti kjallara (íþróttahúss?) meira fyrir eitthvað, s.s. pannavöll (leikur) og gaga-bolta (þarf bretti) og svo væri fínt að hafa hjólabretti úti.

Tónlistarskóli: Fram kom í öðrum viðtölum að um fjórir nemendur á unglingastigi í Bláskógabyggð væru í tónlistarskóla.

Molinn: Kirkjustarf, sagt einkum sótt af 8. bekk, vegna fermingarfræðslu.

Björgunarsveitin: Sveitin kynnti unglingastarfið fyrir unglingum BL og BR í haust. Mörgum fannst áhugavert. Tveir viðmælendur höfðu verið í því starfi.

UMFÍ skólabúðir: Unglingahópurinn var þar saman nú í haust. Ofsalega gaman, kynntust mörgum nýjum.

Árshátíðir: Í báðum skólum eru allir árgangar saman með árshátíð. BL var boðið í BR (fóru í 8. bekk). Einu sinni var ball með Flúðaskóla.

(Sjá hugmyndir foreldra og sveitarstjórnarmanna um félagslíf utan skóla í köflum IV.3 og V.3).

5. Til umræðu

Skilaboð nemenda virðast talsvert skýr. Hóparnir eru fámennir og þau þyrstir í fjölmennari félagsskap, leggja mjög eindregið áherslu á að vera eins mörg saman og unnt er. Þau vilja kynnast, vera saman í tómsundum og stunda námið að ákveðnu marki saman. Hvernig verður best komið til móts við þennan sterka vilja til félagslegra samskipta?

Í stuttu máli má segja að nemendur í báðum Bláskógaskólunum hafi verið mjög jákvæðir gagnvart því samstarfi sem nú er milli skólanna. Munurinn var að BR-nemendur vildu sum hafa BL-nemendur í BR alla eða nær alla daga, en BL-nemendur vildu einnig vera í sínum heimaskóla og fannst þau að einhverju marki vera gestir í BR. Skólaaksturinn virtist ekki vera þeim ofarlega í huga, skólabíllinn hálfgerð félagsmiðstöð, rabba saman, eru í símanum eða blunda.

Langflest virðast nýta sér framboð á tómsundastarfi (um helmingur í íþróttum). Fram komu hugmyndir um skipulag íþróttamála í og út fyrir sveitarfélagið þar sem þau sækja hinar ýmsu greinar á mismunandi stöðum.

Meginspurningin sem hér þarf að svara er: Hve þungt á rödd nemenda að vigta í ákvörðunum um skipan unglingastigsins?

III. Skólastjórnendur og kennarar – viðhorf og væntingar

Skólastjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn skóla eru þeir hópar sem hafa það verkefni að stýra og framkvæma skólastarfið innan ramma laga, námskráa og samþykktu sveitarstjórna, auk kjarasamninga. Viðmælendum var ofarlega í huga tíðar breytingar undanfarin ár á skipan skólanna eða unglingastigsins í Bláskógabyggð, þ.e. sameining skóla og aðgreining, samstarf um valgreinar í BR tvo hálfra daga og loks tveir heilir dagar í nokkrum greinum í BR. Fjallað var um

mikla vankanta á núverandi samvinnu, hvað varðaði stundaskrárgerð, möguleika í kennsluháttum, ábyrgð o.fl. (sjá töflu 5). Viðmælendum var einnig líðan nemenda, möguleikar þeirra á félagslífi utan skóla og munur á nærsamfélagi skólanna ofarlega í huga. Auk þessa voru fyrirbyggjandi tillögur um skipan unglíngastigs til umræðu.

Ekki liggur fyrir skriflegt samkomulag um samvinnu skólanna, hvorki samningur með markmiðum né starfsáætlanir og verk- eða ferillýsingar. Ekki liggja heldur fyrir fundargerðir af samráðsfundum skólafólksins. Óskráð markmið um samstarfið í upphafi voru að sögn félagsleg (gefa nemendum kost á að starfa saman í stærri hópi), fagleg (s.s. sérhæfing kennara, valgreinar og námskrá) og fjárhagsleg (s.s. fjöldi kennara og húsnæði). Svo virðist sem skólastjórar á hverjum tíma hafi tekið við því verkefni að taka upp samstarf eða halda samstarfi við, án formlegs eða skriflegs ramma.

1. Þróun samstarfs skólanna um unglíngastigið

Sumir viðmælenda voru orðnir þreyttir á tíðum breytingum á skipan skólamálanna síðan sveitarfélagið varð til, ekki síst þau sem starfað höfðu við skólana allan þann tíma, en fólk sem verið hafði skemur þekkti þessa sögu af afspurn. Fyrir liggja skýrslur sem byggt var á við ákvarðanir. Upp kom að talað var nokkuð neikvætt um þessar skýrslur. Nú liggja fyrir samþykktir frá starfsmönnum beggja skóla fyrir sig um að hætta þessu samstarfi í núverandi mynd.

Við stofnun sveitarfélagsins árið 2002 lögðu kennarar í BR til að þar yrðu tveir grunnskólar, annar með 1.–10 bekk og hinn með 1.–7. bekk, en ekki tekin afstaða til þess hvar hvor skólagerð yrði (skjal sem ráðgjafi fékk afrit af) (sbr. tillaga núverandi skólanefndar).

Á tímabilinu voru nemendur á unglíngastigi saman í tvo hálfra daga í valgreinum með það að markmiði að bjóða þeim upp á fjölbreyttara val en unnt væri í hvorum skóla fyrir sig. Um tíma komu nemendur úr Kerhólsskóla einnig í valgreinar í BR. Síðar fóru unglíngarnir í BL og BR að vera saman í BR í tvo heila daga á viku, í þremur bóklegum greinum og valgreinum. Um hefur verið að ræða erlendu tungumálin, ensku og dönsku, og annað hvort samfélagsfræði eða náttúrufræði og nú tölvunotkun. Dæmi um valgreinar eru myndmennt, handavinna, upplýsingatækni, skólahreysti, ljósmyndun og leikskólastarf. Einu sinni var stærðfræði kennd á báðum stöðum og kennari fór á milli, en það gekk ekki vel. Almennt hefur ekki gengið að fá kennara til að kenna í báðum skólunum samhliða. Sagt var frá því að fyrstu árin hefði verið ákveðið í BR hvað daga nemendur kæmu í BR og hvaða greinar þau teldu sig geta kennt vel og síðan hefði BL aðlagð sig að því, en það hafi nú breyst. Orð eins viðmælenda lýsir andanum í þessari umræðu: „Þetta hefur alltaf verið sama brasið, alltaf verið að breyta. Svo þreytandi þessi hringlandi. Trúi ekki að nokkur vilji núverandi ástand.“

Hér er um þróun í 17 ár að ræða. Sameining skólanna og síðan aðgreining hafði greinilega tekið á. Skólarnir tveir sagðir ólíkir og það hamli samstarfi. En minna má á að Ingvar Sigurgeirsson bendir á í skýrslu sinni um *Skipan skóla í Bláskógabyggð* (2014) að samstarf ólíkra skóla geti verið sérstaklega frjótt (bls. 5). Rökin með eru þá að byggt sé á styrkleikum á hvorum stað.

2. Starfshættir á unglíngastigi

Kennarar í báðum skólum lýstu kennslu sinni og sögðu frá áhugaverðum hlutum sem þau væru að gera.

Í BL eru unglingarnir 12 alltaf saman í sinni stofu í bóklegum greinum (nú á aðalhäð skólahússins). Um er að ræða samkennslu árganganna þriggja, 8., 9. og 10. bekkjar, í teymiskennslu tveggja kennara í hverri grein. Þrjú kennarar sjá þar um bóklega kennslu á unglingastigi. Yfirleitt er sama þema tekið fyrir í öllum hópnum með sameiginlegri innlögnum. Síðan vinnur hver og einn á sínum hraða miðað við stöðu og áhuga eða vinnur verkefni með öðrum í hópi. Gjarnan er notað námsefni fyrir unglingastig (án þess að árgangur sé tiltekinn) eða fundið til efni án kennslubóka. Reyndar eru nemendur með mismunandi bækur í stærðfræði. Nemendur eru stundum spurðir hvað þau vilji læra og kennslan skipulögð út frá því.

Í BR er sameinaða unglingahópnum skipt eftir árgöngum í þrjár hópa, í fagstofum með fagkennurum. Í valgreinum blandast árgangarnir. Þá daga sem nemendur úr BL eru ekki í BR hefur verið samkennsla einhverra árganga.

Ekki voru nefnd dæmi um þverfagleg verkefni milli skólanna (nema í helgarsmiðjunum þar sem stundum eru unnin þemabundin verkefni). Svo var að heyra að viðmælendur vissu ekki mikið um kennsluhætti í hinum skólanum.

3. Samstarfið – kostir/gallar

Samstarfið hefur varað í 12 ár. Flestir viðmælendur í hópi skólafólksins sögðust til í samvinnu og bentu á að samstarfið gengi vel í helgarsmiðjunum. En svo var að sjá að menn næðu ekki utan um samskiptin. Eins og einn viðmælandi orðaði það: „Ekkert frjótt í samstarfi kennara milli skólanna, ekki olía á hjólunum.“

Samstarf kennara um starfið hefur falist í eftirfarandi að sögn þeirra: Kennarar hafa hist í skólunum til skiptis. Svo var að heyra að áður fyrr hefðu kennarar hist oft en nú er til að ræða samstarfið, s.s. í byrjun árs og síðan nokkrum sinnum yfir árið. Áður hefði meira verið reynt til að stuðla að samstarfi. Á samráðsfundum eru ræddar áherslur, samskipti og vinnusemi nemenda (t.d. vegna foreldraviðtala). Fundirnir hafa verið haldnir eftir kennslu og því verður tíminn stundum stuttur. Viðmælandi benti á að þau eru t.d. laus úr kennslu milli klukkan tvö og þrjú, akstur tekur 30 mín., fundur gæti þá byrjað upp úr þrjú og þá er frekar stutt í lok vinnudags, en það er talað saman eins lengi og þarf.

Margvíslegir árekstrar hafa greinilega orðið og kvartað er yfir. Gallar á núverandi kerfi sagðir miklir og til vansa. Nefndur var vandi við stundaskrágerð, skóladagatal, óljósa ábyrgðarskyldu og skort á upplýsingum bæði milli kennara og til foreldra. Menningarmunur sem sagður var milli skólanna birtist í mismunandi reglum, t.d. um spjaldtölvunotkun og námsmat sem ekki er samræmt (sjá nánar í töflu 5). Ekki liggur fyrir neitt skriflegt samkomulag um samstarfið, eins og fyrr segir, til að skerpa á hlutverkum og leysa úr þessum vandamálum. En viðmælendur töldu sig tala mikið saman um samvinnuna.

Í töflu 5 eru taldir upp þættir í samstarfinu um unglingastigið sem ganga illa og komu upp í viðtölum við skólastjórnendur og kennara í báðum skólum (samantekt úr öllum viðtölum við þá í báðum skólum).

Tafla 5. Annmarkar á núverndi samstarfi BR og BL um unglíngastigið

Skóladagatal: Ekki samræmt, t.d. vetrarfrí, foreldraviðtalsdagar og starfsdagar kennara (verst í fyrra, meiri árekstrar en áður). Dæmi: Kennari í BR situr uppi með hálfan hóp því hinn helmingurinn (nemendur úr BL) er í fríi vegna starfsdags kennara í BL. Þá missa BL-nemendur úr, dragast aftur úr, t.d. í myndmennt. Skólarnir byrja á mismunandi tímum, kl. 8.15 í BL, en 8.40 í BR.

Uppákomur, viðburðir, hefðir (hluti af skóladagatali): Áætlun fyrir skólaárið um sameiginlegar uppákomur eða viðburði liggur ekki fyrir. Samstarfið lendir á hefðum um árshátíð, jólin, vorið og þemavikur. Leikrit í BL er t.d. aðeins unnt að æfa dagana sem unglíngarnir eru í BL. Árshátíðir aðgreindar sem veldur vanda í undirbúningi.

Stundaskrárgerð: Erfitt að hreyfa sig í þessu kerfi, sveigjanleiki minni; minna rými fyrir uppbrot í starfinu, t.d. í útinám í BL (aðeins þrjár vikudagar); kennari í BR sem kennir öllum unglíngum grein í tvo daga í viku (þremur hópum í tvær kennslustundir í senn) er kannski umsjónarkennari á öðru stigi og getur þá ekki sinnt þeim nemendum eða samvinnu kennara þessa daga. Stundaskráin (skipting greina milli skólanna) hnappir skólastarfið í greinar, ekki möguleikar á samþættingu þeirra greina sem kenndar eru í sitt hvorum skólanum; heftir samþættingu almennt. Engin samþætting var nefnd milli skólanna. (Ekki kom fram hversu mikið er um samþættingu greina í skólunum yfirleitt.)

Ábyrgð á BL-nemendum í BR, umsjón: Ábyrgð á BL-nemendum í BR hefur verið rædd, en virðist á reiki. Umsjónarkennari unglínganna 12 í BL hittir þau ekki í tvo daga vikunnar.

Upplýsingamiðlun/Mentor: Ekki ljóst hverju á að miðla og hver á að miðla; upplýsingar farast því fyrir; foreldrar fá ekki upplýsingar frá BR; umsjónarkennari hefur ekki upplýsingar sem foreldrar biðja um, t.d. í foreldraviðtali; eitthvað gerist yfir daginn, ekki auðvelt fyrir umsjónarkennara að fylgjast með. Foreldrafundir fyrir foreldra á unglíngastigi í BL haldnir í BL en kennarar úr BR koma ekki þangað.

Námsmat: Kennarar í BL eru komnir lengra í því að miða námsmatið við hæfniviðmið í aðalnámskrá (í 2–3 ár).

Heimanám: Samkomulag um heimanám liggur ekki fyrir (ekki heimanám í BL).

Heimsóknir, tilkynningar „utan greina“ lenda á sömu greinum: BL-starfsmenn nefndu að allt sem kalla má „auka“ í starfinu lenti á þremur bóklegum greinum þessa þrjá daga í BL (mundi dreifast á 5 daga og allar greinar ef nemendur væri í 5 daga á sama stað). Að sama skapi nefndu BR-starfsmenn að óhefðbundið starf lenti á greinunum í BR, einkum þegar kosið væri að tala við allan hópinn í einu, s.s. framhaldsskólakynningar eða kynningar á tómsundastarfi (t.d. Björgunarsveitin). Ekki er til áætlun um dreifingu milli skólanna.

Umsjónarmenn: Umsjónarmenn úr hópi nemendur eru í BR sem ganga frá stofu eftir kennslustund og sækja nestið, en ekki í BL. Í BL sinna gæslumenn (í frímínútum yngri nemenda) t.d. því verkefni að sækja nestið.

Snjalltæki, spjaldtölvur og símar: Mismunandi reglur og áherslur. Í BR er upplýsingatæknivæðing, stýrt af teymi fimm kennara. BR keypti spjaldtölvur fyrir bæði BR- og BL-nemendur. BR-nemendur fara heim með spjaldtölvurnar, en ekki leyft af BL. Tölvukaupin voru styrkt af félagasamtökum og fyrirtækjum í nærsamfélaginu. BL-starfsmenn vissu ekki af spjaldtölvuvæðingu BR fyrir fram.

Sameiginleg ferðalög: Unglíngarnir hafa farið í sameiginlegt vorferðalag. Í fyrstu var fjáröflun til að greiða niður ferðakostnað sameiginleg (haldið utan um hana í BR). Síðan fór BL að safna sér fyrir sig til viðbótar. Síðast var safnað alveg sér á hvorum stað. Sú tilfinning uppi að nemendum úr BL væri að vissu leyti haldið sér af kennurum í sameiginlegum ferðum. BR stakk upp á sameiginlegri vorferð 8. og 9. bekkjar, en ekki var tekið undir það í BL, en farið með BL-hópinn í aðrar ferðir.

Foreldraviðtöl vegna nemenda í BL eru haldin í BL, en kennara þeirra í BR hafa ekki tekið þátt í þeim. Foreldri í hópi kennara lýsti sambandi við foreldra þannig (var fyrir nokkrum árum): Það var flott fólk í BR, en ég heyrði lítið þaðan, engir póstar, ekkert á Mentor, foreldrafundir voru bara í BL. Fór einu sinni til tvisvar í heimsókn í BR, kynning en við vorum aðallega að labba um.

Væri betra ef kennarar frá BR kæmu í BL á foreldrafundi. Foreldri spurði: Af hverju er ekki foreldramorgunn í BR þegar BL er þar?

4. Líðan nemenda – gestir – félagslegi þátturinn

Líðan nemenda þegar þau fara úr BL í BR var skólafólkinu í BL mjög ofarlega í huga. Nefnt var að sum kviðu fyrir dögnum í BR, tilkynntu sig veik þegar ætti að fara í BR, liði þar illa. Verst væri að þau upplifðu sig sem gesti í BR, „við“ og „þið“, finnst þau ekki passa inn í hópinn og jafnvel að þau væru ekki velkomin, það væri félagslega erfitt (sjá kafla II um viðhorf nemenda). Þau ættu í raun tvo vinnustaði. BR væri ekki skólinn þeirra, ekki þeirra kennarar og ekki stofan þeirra.

Viðmælendur í BL nefndu dæmi um vanlíðan: Nemanda leið aldrei vel í BR; nemandi kveið fyrir þegar á sunnudegi; nemandi kvíðinn og grátandi þessa daga; kvartað um vanlíðan í maga. Spurt nánar um fjölda: Alltaf einhverjir sem hefur liðið illa þar, töldu að þremur til fjórum af þeim sem fara í BR nú liði þar illa, kannski um ¼. Spurt um afleiðingar: Ekki heyrt af brotlendingum í framhaldsskóla. Telja að engum líði illa í heimaskólanum, en bent á að þau hafi verið þar saman í allt að 15 ár. Ekki nefnt að einhverjum liði e.t.v. illa vegna fámennis.

Í BL var haft eftir nemendum að þau hefðu ekki tíma til að kynnst hinum í BR, væru bara að læra fögin. Bent á að unglिंगarnir eigi yngri vini, ef þau fara alveg, missa þá vini hér sem verða eftir.

Nokkuð annað hljóð var í viðmælendum í BR. Þau töldu nemendur í BR hlakka til daganna sem BL væru í húsi. Sagt frá dæmum sem þau þekktur til þar um; nemendur segja þau úr BL lífleg og skemmtileg, eiga þar vini. Í sumum árgöngum er kynjahlutfall ójafnt, því væri blöndun mikilvæg. Sagt frá nemendum sem vilja að allir séu alltaf saman.

Rætt var um mikilvægi félagslegra samskipta unglिंगanna í hópi skólafólksins í báðum skólunum. Viðmælendur töldu að nemendur hefðu margs konar tækifæri til að hittast utan skóla og því væri einangrun nú minni en áður var, margs konar tómstundastarf væri í boði, t.d. í íþróttum, félagsmiðstöð (til skiptis í BR, BL og á Borg), kirkjustarfi, tónlistarnámi o.fl. (sjá nánar í kafla II.4 um viðhorf nemenda). Foreldrar skiptast á að keyra krakkana, en nú virðast fleiri foreldrar uppteknir á þessum tíma, koma t.d. akandi úr bænum. Unglingunum finnst gaman í helgarsmiðjunum með nemendum frá Borg (verða í vetur frá fimmtudegi til föstudags, næst í lok september í BL; sproti sem þau vilja að blómstri) og síðan væru tengslaferðir á haustin vel heppnaðar (skólabúðir nú á Laugarvatni) og vorferð 10. bekkjar (í Skagafjörð). Þannig geti verið nægjanlegt að hittast utan skóla til að mæta félagslegri þörf. Dreigið var saman að með samkennslu árganga (er í báðum skólunum), tómstundastarfi, smiðjuhelgum og 10. bekkjar ferð væri komið til móts við félagslega þáttinn. Síðan var nefnt að nemendur væru mikið á „snapchat“, það drægi úr einangrun. Viðmælandi taldi það víðtekna tuggu að unglिंगana skorti félagsleg tengsl og bentu á að þau væru ekki endilega á sama þroskastigi þótt þau væru jafnaldrar.

5. Nærsamfélag skólanna – byggðamál

Umræðan um skipan unglिंगastigsins í Bláskógabyggð snerist stundum upp í umræðu um byggðapróun, hugsanlega fjölgun íbúa og mikilvægi skóla í byggðarkjarna. Nefnt var einnig að

ólík samfélög stæðu að skólunum tveimur og þar væri ólík menning (sjá nánari umfjöllun í kafla 1.3).

Ótti við að missa skólann: Viðmælendur í hópi skólafólksins í BL ítrekuðu að íbúar á Laugarvatni óttist nú um unglíngastigið, vilja ekki missa það úr þorpinu og spyrja hvort ekki kæmi næst að miðstiginu (sbr. umfjöllun hér framar). Þetta sé spurning um byggðaþróun. Skólinn skipti byggðarlag miklu máli, væri í raun hjarta þess. Fólk sem hyggur á flutninga spyr um leikskóla og grunnskóla. Viðmælandi hefði ekki flutt þangað með börn ef ekki hefði verið þar skóli, bæði leikskóli og grunnskóli. Mikill kvíði kom upp þegar HÍ fór, en nú eru komin tvö fræðasetur í staðinn. Ef sameiningar verða, t.d. í uppsveitum Árnessýslu, verði farið að tala um safnskóla (bent á að mjög víða í landinu, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli, eru safnskólar fyrir unglíngastig). Í þessu sambandi var einnig bent á að áherslur margra eru á að yngstu börnin séu í skóla sem næst heimili, annað væri með unglíngastigið.

Nefnt var að tregða til samstarfs gæti stafað af hræðslunni á Laugarvatni við að missa unglíngastigið.

6. Breytingar á skipan unglíngastigs

Segja má að skólastjórnendur og nánast allir kennararnir sem talað var við í báðum skólunum hafi verið á því að samstarfið um unglíngastigið í núverandi mynd gengi ekki upp, annað hvort þyrfti að hætta því alveg eða breyta því.

- **Núverandi skipan, BL tvo daga í BR áfram:** Þegar spurt var um kosti núverandi skipulags töldu flestir þá í raun vera sáralitla. Þó heyrðust raddir sem sögðu að það væri í fínu lagi. Rökin fyrir þessu fyrirkomulagi væru nýting mannafla á báðum stöðum með hliðsjón af sérhæfðum bakgrunni og félagslegi þátturinn. Sumir kennarar töldu að nemendur mundu leggja áherslu á það félagslega í þessu sambandi, þau vildu vera sem flest saman. Kennari í BL taldi að nemendur þeirra vildu sækja í það félagslega í BR en vildu menntunina í BL. Gallarnir voru ítrekað tíundaðir (sbr. töflu 5).
- **Algerlega aðgreint:** Skólafólkið í BL taldi að skólinn næði yfir þá breidd sem nám unglínganna er, svo sem stærðfræði, íslensku, erlend tungumál, samfélags- og náttúrfræðigreinar og valgreinar. Reyndar var nefnt í ytra mat á BL (2019) að skólinn uppfyllti ekki valstundir á unglíngastigi samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. BL réði við algera aðgreiningu húsnæðislega þar sem ein ákveðin stofa í skólahúsinu væri ætluð unglíngastiginu. Nægilegt væri að þau hittist í starfinu utan skólans til að mæta félagslegri þörf. Fram kom að BL-nemenda yrði saknað í BR.
- **Unglíngastigið alfarið í BR:** Segja má að nær allir viðmælendur í hópi kennara í BR teldu best fyrir nemendur að vera öll saman á unglíngastigi, skólinn réði vel við það bæði hvað varðaði mannafla og húsnæði, enginn vandi væri að hýsa unglíngana úr BL í BR. Vísað var í sambærilegt fyrirkomulag á Flúðum, þar sem unglíngar úr Þjórsárskóla ganga í Flúðaskóla. Það gengi mjög vel þótt um sé að ræða sitt hvort sveitarfélagið og hefði staðið í 30 ár.

Við hugsanlegar breytingar á skipan sveitarfélaga kæmi trúlega upp sterk umræða um að unglíngar ættu að vera í eins miklu fjölmenni og unnt væri, að mati viðmælanda í BR. Unglíngar verða að fá að vera saman. Gefur betri dínámík í hópnum, eins og það var orðað. Bent á að það ætti einnig við um samkennslu árganga. Viðmælandi vonaðist til að sátt gæti skapast um að

unglingarnir væru saman. Hugsa ætti til annarra nærliggjandi skóla. Gæti verið unglíngastíg á einum stað í uppsveitum Árnæssýslu en er nú á fjórum stöðum og alls staðar fámennt (t.d. er einn nemandi í 8. bekk í BL, ellefu í BR og enginn á Borg). Líklega væri Reykholt mest miðsvæðis, en Flúðir heldur langt frá Þingvöllum.

Í BL var aftur á móti sagt að tillaga skólanefndar um að flytja unglíngastígið alfarið í BR hafi komið úr heiðskíru lofti. Það var sagt vera vantraustsyfirlýsing eða stríðsyfirlýsing ef unglíngastíg yrði lagt niður í BL. Fram kom að það mundi rýra hlut BL sem stofnunar ef unglíngarnir færu, skólinn verður mannfærri, líklega sem næmi tveimur stöðugildum, „það er það sem flutningur unglíngastígsins kostaði okkur.“ Einnig væri mikilvægt fyrir yngri nemendur að hafa fyrirmynd í þeim eldri og í því fælist þroski að leika við samnemendur upp fyrir sig og niður í aldri. Ítrekað var að það yrði áfall fyrir skólann og samfélagið að missa unglíngana.

- **Samstarf um þrjár 3–5 daga lotur (skólastjóratillagan):** Bent var á að margir möguleikar væru bæði á Laugarvatni og í Reykholti á alls kyns samþættu nám. Í BR: grænáninn, vistheimt á melum (tilraunareitir), Haukadalskógur, ný útikennslustofa og freistandi kostur að fara reglubundið hálfan dag út í atvinnulífið. Á Laugarvatni væri fuglasetrið, útinám og útikennslustofa, fjölbreytt íþróttaaðstaða, gönguskíði, kajakróðrar og möguleg tengsl við ML. Vel mætti nýta sérstöðu hvors staðar.

- **Draga það besta úr núverandi skipan og fyrirliggjandi tillögu:** Viðmælandi taldi núverandi fyrirkomulag í fínu lagi, einkum ef það yrði lagfært, og fínt væri að bæta heilum vikum (þemavikur, þverfaglegt nám) með sameinuðum unglíngahópum við og þá kannski líka unglíngunum sjö á Borg. Í raun var hér lagt til að sameina núverandi skipulag og skólastjóratillöguna.

Væntingar: Þegar spurt var um væntingar til þessa verkefnis var m.a. nefnt: Óska þess að umræðan sé fagleg. Finna milliveg; finna eitthvað annað form; hafa ramma, góðar reglur og sjá til þess að allir væru á sömu línu. Sameina á fólk um sátt; að það verið sátt um ákvörðun helst til nokkurra ára og henni verið fylgt eftir.

7. Til umræðu

Í viðræðum við skólafólkið kom mjög skýrt fram að núverandi skipan samstarfsins um unglíngastígið gengi ekki upp. Það einkenndist af óvissu og árekstrum og bent á að það væri óskilgreint samstarf. Þegar litið er til þess að ekkert skriflegt samkomulag af neinu tagi liggur fyrir er þetta mjög skiljanlegt. Óvissa og skortur á ramma er lýjandi og hefur staðið lengi.

Þá vakna spurningarnar: Á skortur á formlegum skilgreiningum á núverandi skipulagi unglíngastígsins eða skipulagsvandi að ráða skipan þess til næstu ára? Er unnt að láta reyna á skipulagið með því að gera samning um alla þá þætti sem nefndir eru í töflu 5 – og með styrkri stjórn og kannski þróunarstyrkjum til verkefna um ákveðin skref?

Einfaldasta leiðin fyrir starfsmenn skólann væri trúlega að slíta vikulega samstarfinu alveg. Þá má spyrja: Er þá verið að velja léttustu leiðina? Hvað afleiðingar mundi það hafa? Er með því verið að veita nemendum á unglíngastígi í sveitarfélaginu sem bestar náms- og uppeldisaðstæður? Er kannski enginn almennur vilji innan skólanna til að láta reglubundið samstarf skólanna ganga upp?

Líðan nemenda var skólafólkinu ofarlega í huga sem eðlilegt er: Spyrja má hvað hafi verið gert sameiginlega af hálfu beggja skólanna í því að koma til móts við hópinn sem líður illa í BR (í samvinnu við skólaþjónustuna)? Hvað hefur verið gert? Hvað hefur ekki verið gert?

Flest ef ekki allt skólafólkið í BR vildi gjarnan fá alla unglingana í BR. Getur skapast sátt í sveitarfélaginu um að flytja unglingastigið alveg í BR?

IV. Foreldrar – viðhorf og væntingar

Farsælt skólastarf byggist ekki síst á góðum samskiptum og samstarfi við foreldra. Því er röddum foreldra að sjálf sögðu ljáð eyra. Rætt var við fulltrúa í stjórnun foreldrafélaganna tveggja, skólaráðum skólanna og fulltrúa foreldra í skólanefnd sveitarfélagsins. Viðmælendur áttu börn í leikskóla, á öllum stigum grunnskólans, þ.m.t. unglingastig, og í framhaldsskólum. Áhersluþættir sem fram komu í viðtölunum beindust að skóla barnsins, samvinnu skólanna um unglingastigið (þ.m.t. skólaakstur), félagslífi unglinga utan skóla, framtíðinni og ólíkum byggðarlögum. Auk þess var umræðum beint að mögulegum breytingum á skipan unglingastigsins.

1. Skóli barnsins

Almenn ánægja kom fram meðal foreldra með báða grunnskólana í Bláskógabyggð bæði skólastarfið og skólabraginn allra síðustu árin þegar talið barst að skóla barna þeirra.

Sagt um BL: Almenn ánægja með skólann á Laugarvatni, fólki þætti vænt um skólann. Foreldri sem flutti að sagði frá því að barni sínu hefði verið mjög vel tekið, haldið vel utan um og fljótt að venjast.

Sagt var um BR: Skólinn í Reykholti sagður finnst skóli og góður bragur. Horft til þess að létta myndi á þegar leikskólinn færir í nýja húsnæðið. Bent á að útivistarsvæðið þarfnaðist lagfæringar.

Sumir sögðu einnig frá því sem þau höfðu heyrt um hinn skólann í gegnum árin (þ.e. ekki skóla barnsins þeirra) og bar þá stundum á neikvæðum ummælum.

2. Samvinna skólanna – akstur

Foreldrar ræddu það sem þau hefðu upplifað eða heyrt frá börnum sínum og öðrum sem þau þekktu um samstarf skólanna. Umbeðin, sögðu þau frá dæmum þar um.

Foreldrar nemenda í BR töldu að samstarf skólann um unglingastigið hefði gengið vel, sögðust heyra gott af því, því meiri samvinna því betra. Sögðust reyndar hafa heyra að ýmislegt starf utan námsgreina bitni á greinunum í BR og lendir því alltaf á sömu greinunum (þ.e. þeim sem kenndar eru í BR) og var skautferð og framhaldsskólakynningar nefndar sem dæmi.

Nefnt var dæmi um nemanda sem var einn áður, en þegar allir komu saman breyttist þetta, eitthvert mynstur brotnaði upp. Nefnt var að fámenni annars kynsins í árgangi væri oft erfitt, einstaklingar væru ólíkir, því gæti verið erfitt að vera alltaf með sömu krökkunum sem ekki mynduðust tengsl við.

Viðmælendur í BL töldu samvinnuna ekki ganga lengur. Ábyrgðin væri óskýr, aksturinn ókostur og unglingarnir kæmu þreytt heim kl. rúmlega 16.00 og það lenti á íþróttalífinu á Laugarvatni, „búin á því í lok þessara tveggja daga“. Aðrir töldu fint að þau færu annað slagið í BR.

Í BL var bent á að þroskamunur geti verið mikill á unglingastigi og það getur torveldað unglingunum að eignast vini í litum hópi. Þau eignast líka vini í BR. Nauðsynlegt að eignast einhvers staðar vini. Veit af nemendum í 7. bekk í BL sem hlakka til að fara í BR. Nefnt að nemendur virðist ekki hafa áhyggjur af skólaakstrinum.

Í hópi foreldra nemenda í BL var bent á að nemendum fyndist þau gestir í BR (sbr. umfjöllun hér framfar); það er ekki jafnrétti; „Þið eruð að koma í heimsókn.“ Er spurning um hvernig er tekið á móti þeim að hausti. Það er illa tekið á móti þeim, að mati eins viðmælanda. Annar nemandi sagður hafa vanist þessu á þremur árum.

Aksturinn var talinn ókostur meðal foreldra barna í BL. Nú fara fjórir nemendur af 12 á unglingastigi BL með skólabíl í skólann en mun stærra hlutfall í BR – í fjórum bílum. Dæmi eru um í báðum skólum að nemendur eru um 45 mín á leið í skólann. Þegar farið er frá BL í BR bætist sá akstur við og þar þótti fráhrindandi að keyra þau burtu; tíminn í skólabíl sem gæti, reyndar í undantekningartilfellum, verið 1,5 klst., væri glataður tími. En einnig var bent á að ekki væri víst að krökkunum þætti aksturinn svo slæmur, nefnt dæmi úr BR um nemanda sem gæti fengið far í skólann að heiman en veldi að fara í skólabíl þótt það tæki lengri tíma. Loks var bent á að skipuleggja mætti aksturinn betur og bæta við bílum til að stytta tíma í skólabíl.

3. Félagslíf utan skóla – sjónarhorn foreldra

Foreldrum var umhugað um möguleika unglinganna til að kynnast og stunda félagslíf utan skóla. Foreldrar aka börnum sínum milli staða til að fara í Félagsmiðstöðina, íþróttir, tónlistarskóla, Molann og víðar. Nokkrir foreldrar taka sig gjarnan saman og sjá um aksturinn til skiptis. Þeir sem búa lengst frá eiga þess þó varla kost að taka mikinn þátt í félagsstarfi utan skóla. Sumir lögðu áherslu á að auka félagslega þáttinn í tómstundastarfi milli staðanna. Sumir nefndu að meira samstarf ætti að vera við Borg um félagslífið, þau væru svo fá, þyrftu að komast annað og hitta aðra krakka, en þau taka þátt í félagsmiðstöðinni. Nefnt að endurskoða mætti skipulagið í íþróttunum.

Félagsmiðstöðin: Almenn ánægja kom fram meðal foreldra með starfið í Félagsmiðstöðinni (sjá nánari umfjöllun um félagsmiðstöðina í kafla II.4).

Tónlistarskólinn: Ánægja kom fram meðal foreldra með möguleika nemenda í Árnessýslu á tónlistarnámi og einkum það að kennara tónlistarskólans fara milli grunnskólanna í sýslunni. Bent á að ekki væri til trommusettt í BR og því verða nú þrír til fjórir nemendur að fara á Selfoss.

Íþróttir: Foreldrar lýstu því hvernig unglingarnir fara talsvert milli staða í íþróttir, á Flúðir (t.d. körfubolti, uppsveitarlið í körfubolta) og Selfoss (t.d. tvisvar í viku). En stundum komast þau ekki. Nefnt að kostur væri að íþróttastarfið væri beint eftir skóla nú, en stundaskráin gerði erfitt fyrir íþróttafélag að hafa eitthvað á tveimur stöðum. Stundum veldur vanda að unglingarnir í BL koma seinna heim dagana sem þau eru í BR. Ef þau kæmu fyrr væri auðveldara að skipuleggja eitthvað meira (sjá tillögu um íþrótt- og æskulýðsfulltrúa í kafla V.3). Sundlaugin í Reykholti var sögð opin tvisvar í viku til kl. 22.00 á kvöldin og vel sótt að nemendum skólans. Þangað kemur

miðstigið í BR reglulega með foreldrum. Sundlaug er einnig á Laugarvatni. Foreldrar í BL sögðu að blómlegt íþróttalíf væri á Laugarvatni. Fyrir miðstigið (5.–7.b, alls 18 nem. í þessum árgöngum) er t.d. í boði: Körfubolti (nógu margir í lið), frjálsar, þrek og klifur. Ekki er nægur fjöldi í lið fyrir fótbolta og blak. Þar eru ekki fimleikar, en eru í boði á Selfossi.

Hátíðir í skólunum: Foreldrar í BR sögðu að flottar árshátíðir væru í BR, fyrir alla árganga og öll sveitin mæti. Áður hefðu einstakir árgangar verið saman með atriði, en nú væri þetta blandað, dregið úr þoka hverjir væru með atriði sama; gjarnan haft ákveðið þema, í fyrra var það löndin, hóparnir völdu sér land (upprunalönd). Bent á að sérstök árhátíð væri fyrir unglingsstigið í Flúðaskóla (þar eru nemendur á unglingsstigi úr Flúðaskóla og Þjórsárskóla). Spurt hvort ekki yrði vinsælt að skólarnir með unglingsstig í sveitarfélaginu væru saman með árlega árhátíð fyrir þá og kannski fleiri. Foreldrar í BL nefndu einnig myndarlegar árshátíðir þar (sjá einnig kafla V.3).

Smiðjuhelgar: Þær sagðar mjög vel heppnaðar, styrkja félagslega þáttinn, kynnast sveitungum. Vilji kom fram um að gera meira úr þessum félagslega þætti. Foreldri sagði að við þær hefðu orðið miklar breytingar á börnum viðkomandi. Nefnt dæmi um nemanda sem náði loks að tengjast öðrum um slíka helgi, viðkomandi þekktust áður, en upp úr kynnum óx nán vinátta.

Í umræðu um félagslega þáttinn sagðist foreldri í BL skilja að krakkarnir vildu vera saman og hafði heyrt að krakkarnir vildu halda áfram að fara í BR, vildu halda í samstarfið.

4. Framtíðin – ólíkir byggðarkjarnar

Í viðtölum við foreldra var dregið á sameiningar sveitarfélaga og sérstöðu byggðarkjarna.

Sameiningarmál: Foreldrar lögðu sumir áherslu á að byggðarkjarnarnir í Bláskógabyggð væru ólíkir og sveitarfélögin í kring væru einnig ólík. Það hefði áhrif á hugsanlegar sameiningar sveitarfélaga í framtíðinni. Viðurkennt að þar gætu fordómar komið til innan og milli byggðarkjarna og sveitarfélaga. Meðal foreldra í BR var bæði nefnd hugsanleg sameining allrar sýslunnar eða uppsveitanna með Reykholt sem miðju. Í sameiningum gæti falist fjárhagsleg hagræðing, t.d. í yfirstjórn og möguleikar á betri sérfræðiþjónustu (sjá nánar um sameiningar sveitarfélaga í kafla I.2).

Byggðamál, BL: Meðal foreldra í BL var bent á rígg milli bæjarfélaga og ólík viðhorf meðal eldri og yngri íbúa, það væri kannski vandamálið. „Hér verður allt svo persónulegt,“ sagði viðmælandi og óttaðist að nemendur lentu á milli, lítið samfélag og allir þekktu alla. Einnig komu fram viðhorf sem sagt var frá í kafla um viðhorf stjórnenda og kennara (kafla III.5). s.s. mikilvægi þess að halda Laugarvatni sem skólasetri, skólarnir ímynd og einkenni frá upphafi; hætta á að fólk flytti burt ef unglingsstigið færi alveg; skólinn væri hjartað í samfélaginu; mikilvægt að halda unglingskennurunum á staðnum (sjá einnig um staðareinkenni í kafla I.3). Sumir vildu horfa frekar til sameiningar uppsveita Árnessýslu en allrar sýslunnar. Í umræðu um hugsanlegt eitt unglingsstig í BR taldi einn viðmælenda að það sem nú væri að gerast ætti sér mögulega pólitískar rætur, að baki byggi að styrkja stöðu Reykhólts.

Tækni nútímans: Foreldrum var umhugað um tækifæri og galla tækninnar. Einkum var símanotkun þeim ofarlega í huga. Vísað í gagnlegan og vel sóttan fyrirlestur á vegum Missa (foreldrar í uppsveitum saman) í fyrra um síma o.fl. Sagt: Allar breytingar eru hættulegar í

byrjun, allt nýtt er hættulegt í byrjun – meðan við þekkjum það ekki. Sagt frá forriti sem notað er í BR, nemendur skrá síma sína í það þegar þau nota þá í kennslustundum. Þá sér kennari hvað viðkomandi er að gera. Spjaldtölvurnar eru tengdar í þetta kerfi. Viðmælandi sagðist fylgjandi nútímatækni, en vildi símalausa daga eða vikur. Foreldri sagðist, sem dæmi, senda dóttur sinni Snap og þá svarar hún strax! „Síminn er gróinn við þau“. Mismunandi reglur gilda í skólunum um símanotkun.

5. Breytingar á skipan unglíngastígs

Þegar rætt var um tvær fyrirliiggjandi tillögur um skipan unglíngastígsins komu fram ólík viðhorf milli foreldra eftir því í hvorn skólann börn þeirra ganga.

- **Núverndi skipan, BL tvo daga í BR:** Sumir töldu að fyrirkomulaginu yrði breytt. En einnig var spurt af hverju menn væru á þessum stað, enginn væri með áhyggjur hér (Laugarvatn).
- **Algerlega aðgreint:** Afturför að hætta; tvímælalaust; heyra í krökkunum; hafa ekki heyrt af kvíða. Einnig komu fram raddir um að þetta væri e.t.v. eina lausnin.
- **Unglíngastígið alfarið í BR:** Foreldrar í BL: „Við megum ekki við því að missa unglíngana,“; „mundi skapa sundrung í samfélaginu.“ Segir mjög fáa foreldra vilja senda unglíngana í BR. Vildu almennt ekki að unglíngarnir færu alla daga í BR, sameining unglíngastígsins gengi ekki upp. Annað foreldri taldi það ekki spennandi kost fyrir sitt barn að fara í BR, unglíngarnir ættu bæði eldri og yngri vini. Foreldri í BL sagðist þó geta hugsað sér að unglíngarnir færu alfarið í BR, eru þá fleiri meira sama.

Foreldrar í BR: Viðmælandi hafði heyrt að starfið yrði einfaldara í BR ef nemendur úr BL færu eða kæmu alveg því nú væri þetta púsluspil. Annar sagði að einfaldast væri að þau kæmu alveg og enn annað foreldri taldi kennarana í BR vilja fá hina krakkana. Foreldri sagðist ekki mundu mótmæla ef unglíngarnir færu í BL, en það yrði langt að fara fyrir suma, en saman væri bara kostur félagslega.

- **Samstarf um þrjár 3–5 daga lotur (skólastjórátillagan):** Einn viðmælandi taldi að slíkt fyrirkomulag yrði aldrei neitt, neitt, þau þekkja ekki hvert annað almennilega ef hittust svona sjaldan, þá grúppast félagar saman því þau þekkja ekki hin. Aðrir voru á þveröfugri skoðun, væri vantraust á skólastjórana að taka ekki upp tillögu þeirra. Beið hjá sveitarstjórn í marga mánuði. Segjast telja víst að starfsmenn BL vilji tillögu skólastjóra. Viðurkennt að þá yrði ýmislegt þægilegra í BR. Bentu á að tillagan gæti kollvarpað starfi hjá kennara sem mundi sinna unglíngunum þessar vikur, en kenndi líka á öðru stigi, þau börn þá í reiðileysi.

6. Til umræðu

Foreldrum er að sjálfsögðu umhugað um að börn þeirra eigi sem besta og ánægjulegasta skólagöngu. Jákvæð ummæli féllu um báða skólana. Nefnd voru dæmi sem varpa ljósi á ýmsa þætti, s.s. félagslega þáttinn, líðan og námið. Viðmælendur höfðu heyrt af árekstrum í samstarfi skólanna um unglíngastígið. Vel kom fram í viðtölum við foreldra að byggðamál blandast í þessa umræðu.

Í framhaldinu má spyrja: Á að láta byggðamál blandast inn í svör við spurningunni „Hvað er unglíngunum fyrir bestu?“ Verður aldrei sátt um skipan unglíngastígsins vegna mismunandi viðhorfa til þróunar byggðanna?

Er hér kannski „fullorðinsvandamál“ á ferðinni, eins og einn nemandi komst að orði?

V. Sveitarstjórn og skólanefnd – viðhorf og væntingar

Grunnskólinn er rekinn af sveitarfélögum innan ramma laga og námskráa. Þeirra er að ákveða fjárframlög til skólanna og skapa þeim starfsumgjörð, námslega og félagslega, auk þess að sjá skólustarfinu fyrir húsnæði og útivistarsvæði við skólabyggingar (sbr. Lög um grunnskóla frá 2008). Sveitarstjórnin átti frumkvæðið að því samtali sem hér hefur farið fram og er í anda lýðræðislegra starfshátta. Mikið af því efni sem fram kom í viðtölum við kjörna fulltrúa er í kaflanum um framtíðarsýnina (kafla I). Í þessum kafla er vísað í umræða þeirra um annað efni.

Kjörnir fulltrúar höfðu áhyggjur af núverandi ástand á samstarfi skólanna og fögnuðu flestir umræðunni. Aldrei hefði verið almennilegt samtal í skólasamfélaginu öllu um málið. Þau drógu fram að því miður litaði liðin tíð viðhorfin, en ýmsir möguleikar væru í stöðunni og væntu þess að umræðan nú skilaði sér í gagnkvæmum skilningi og einhvers konar sátt, hver sem hún yrði. Félagsleg tengsl voru viðmælendum í þessum hópi hugleikin.

1. Sagan litar umræðuna

Bent var á að því miður væri umræðan nú sem fyrr lituð af sögunni. Staðan í báðum skólum hefði verið erfið á ákveðnum tímabilum og mál þeirra í höndum sveitarstjórnar, s.s. starfsmannamál og starfsandi. Síðustu árin hefði reyndar allt annað verið uppi á teningnum, samstarfið hefði batnað og skólarnir samlagast betur og betur eftir því sem árin liðu, verið greinileg þróun í samstarfi skólanna. Því brá sumum við þegar tillaga kom upp um að leggja niður núverandi form á samstarfinu og þótti sorglegt að splundra því. Ljóst væri að margt hefði valdið vanda, s.s. reglur, bragur og ýmiss kona samræmingarflækjur með núningi og pirringi (sbr. töflu 5). Það hefði greinilega hamlað samstarfinu að enginn formlegur samningur er til um það og hefði aldrei verið og ábyrgðarskylda aldrei skilgreind til hlítar (alla vega ekki skriflega).

Þótt ýmsar tilraunir hefðu verið gerðar (sjá skýrslur) til að bæta samstarfið í gegnum árin hefði aldrei myndast almennileg sátt um hlutina (s.s. valgreinar í ½ daga yfir í tvo heila daga o.s.frv.). Kennsluskylda skólastjóranna var felld niður vegna samstarfsins og umsjónarkennarar unglíngastígs hafa fengið eina kennslustund í kennsluskylduafslátt á viku vegna þess. Þannig átti að taka tillit til álags vegna samstarfsins, en það hefði greinilega ekki verið nóg eitt og sér.

Þessum hópi er ljóst að aukið fjármagn og nægur mannaflí dugir ekki einn og sér til breyta starfi skólanna, heldur verða kennarar og skólastjórnendur sem fagstétt að samþykkja breytingarnar og taka virkan þátt í þróun þeirra.

2. Hugsanlegar breytingar á skipan unglíngastígs

Kjörnir fulltrúar veltu fyrir sér hvað mætti gera nú, ýmsir valkostir væru í stöðunni. Ljóst er að það mætti lagfæra samstarfið (alltaf mætti bæta alla hluti), endurskipuleggja það, leggja það niður eða koma á annarri skipan.

Bent var á að báðir Bláskógaskólarnir væru vel mannaðir hvað varðaði fjölda nemenda á kennara. Þannig væri vel búið að báðum skólum mannaflslega. Bláskógabyggð sögð vel yfir meðallagi sveitarfélaga í framlögum, en alltaf vantaði eitthvað. Stærð skólanna með rúmlega 130 nemendur samtals á grunnskólastigi (BL 51 + BR 83) takmarkaði aftur á móti möguleika á mikilli sérhæfingu.

- **Núverandi skipan endurbætt, BL tvo daga í BR:** Þetta ætti að geta gengið ef ferlar væru skýrir. Skerpa mætti línur svo samstarf geti verið áfram, það væri jákvætt. Endurskoða það t.d. eftir tvö ár. Frábært ef gert væri eitthvað á milli öfganna. Skilur að samstarfið sé erfitt nú miðað við skipulagið, vantar rammann. En ein ástæða óánægju sé að sumum finnst að verið sé að „senda“ unglíngana í „eitthvað verra“ þegar þau fara í BR. Unglíngarnir vilja vera sem mest saman, verða að hittast. Viðmælandi komst svo að orði: „Vinátta er lykillinn að velferð, nr. 1, 2 og 3.“

- **Algerlega aðgreint:** Einn viðmælenda sagðist nú hugsa meira um að slíta alveg „út af öllu þessu þrasi“, en fannst það alveg útilokað áður. En það væri svekkjandi og uppgjöf. Því miður horfðu sumir svo lengi til baka. Uppgjöf að slíta alveg, en möguleiki. Ef slitið nú væri það aðeins gert vegna þess að enginn vilji væri til samstarfs, allavega hjá ákveðnum hópi í skólunum, engin stemning fyrir því að það gangi upp.

- **Unglíngastigið alfarið í BR:** Fram komu sjónarmið með og á móti þessari leið. Sagt var að um hana yrði seint sátt. Aðrir töldu það góðan kost fyrir nemendur, bæði félagslega (fleiri saman í náminu) og námslega (meiri möguleikar á sérhæfingu kennara).

Þessi skipan hefði í för með sér akstur fyrir alla nemendur úr BL og lengri en nú er fyrir suma þeirra. Sum eru lengi í bíl. Lengst hafa nemendur að fara í skóla úr Þingvallasveit og Tungunum (Geysir, Gullfoss), um 45 mín. hvora leið. Annar segist ekki hlusta á þetta með aksturinn, fólk er að keyra út og suður. Nú eru fleiri skólabílar en áður og stoppað sjaldnar. Pressa frá sveitarfélaginu um vegaf framkvæmdir. Bent á að margt sé hægt að gera án aksturs, sbr. umræða hér frammar um fjarnám.

- **Samstarf um þrjár 3–5 daga lotur (skólastjóratalagan):** Viðmælenda fannst þessar þrjár vikur svo lítið fyrir mikla vinnu. Ef reglubundna samstarfinu er slitið, gæti orðið erfitt að taka það upp aftur. Skólastjórleiðin spennandi, en sér að margt vantar í hana, sjálf framkvæmdin virðist ekki útpæld. Annar sagðist ekki hafa hoppað á skólastjórleiðina, fannst hún að mörgu leyti illa unnin, ekki hugsuð til enda, ekki sagt hver gerir hvað og hvernig. Bent á að hún var ekki unnin með kennurum í BR.

Viðmælandi hafði mikinn áhuga á að taka Kerhólsskóla á Borg inn í umræðuna um framtíðarskipan unglíngastígsins (eru svo fá þar, um 15 mín. akstur milli skólanna á Borg og í Reykholti).

3. Félagslegi þátturinn mikilvægur

Sveitarstjórnarmenn lögðu mikla áherslu á félagslega þáttinn. Einn komst svo að orði að hann væri miklu, miklu stærri en menn héldu. Þeim var bæði umhugað um möguleika unglinga til samveru í náminu og í fjölbreyttu félagsstarfi.

Félagsleg tengsl mikilvæg: Bent var á að unglingar vildu geta valið sér vini og nefndu dæmi um mikilvægi félagslegra tengsla. Í sumum tilfellum töluðu viðmælendur út frá reynslu af eigin börnum eða minnstust eigin unglingsára. Sumir viðmælenda þekktu nemendur sem hefðu vingast þvert á skólana vegna samstarfsins, þau tengsl gætu rofnað ef nemendur hættu að vera saman í náminu. Nefnd voru dæmi um að nemendur hlökkuðu til daganna þegar þau væru öll saman.

Möguleg framfaraskref í félagsstarfi utan skóla:

Eitt íþróttafélag: Fram kom sú hugmynd að sameina stærstu íþróttagreinar í Bláskógabyggð, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi og stofna nýtt íþróttafélag. Því ekki eitt íþróttafélag í uppsveitum Árnessýslu? Þá væri unnt að ná liði saman og fara á mót. Gerðu sér grein fyrir mikilli keyrslu foreldra.

Bent var á að ef allir nemendur á unglingsstigi væru saman í BR gæti orðið erfiðara en nú fyrir suma að sækja þá íþróttagrein sem þau hefðu áhuga á. Foreldri t.d. frá Laugarvatni þyrfti að sækja nemanda í BR og fara svo með viðkomandi t.d. á Selfoss (þyrfti þá að bíða þar, tæki því ekki að fara heim). Einhvers konar íþróttakstur væri kannski mögulegur?

Viðburðir: Tengja mætti fleiri skóla saman á viðburðum, t.d. á sameiginlegri árshátíð fyrir unglinga margra skóla á svæðinu. Nýta möguleikana. Slíkar hugmyndir ganga ekki upp nema þeir sem stýra hafi á þeim áhuga. Samstarf við aðra skóla utan sveitarfélagsins er í samræmi við Skólafélag Bláskógabyggðar (2018) þar sem segir að stuðla skuli að góðu samstarfi við skóla í nágrennasveitarfélögum.

Tónlistarskólinn: Stefnan er að biðlistar séu helst engir.

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi: Viðmælandi setti fram þá hugmynd að sveitarfélög á svæðinu (í sýslunni eða hluta hennar) hefðu sameiginlegan íþrótt- og æskulýðsfulltrúa til að samræma tímasetningar fyrir íþróttæfingar og annars konar félagsstarf (kannski byggðasamlag um íþróttir og tómstundastarf). (sjá kafla II.4 um sjónarhorn nemenda á félagslíf utan skóla).

4. Væntingar til þessa verkefnis

Viðmælendur vildu ekki sitja uppi með sömu stöðu og í haust. Nú væri tekið þetta samtal sem hefði ekki átt sér stað áður og reynt að kortleggja og sjá hvar áherslurnar liggja. Væntu þess að það geti skilað einhverju, þótt sumir séu þreyttir á úttektum og skýrslum. Nánast allir nefndu að þeirra heitasta ósk væri að einhvers konar sátt gæti orðið í sveitarfélaginu um skólamálin, alla vega skýrari línur, einhvers konar lausn og líming til nánustu framtíðar, lenda málinu, tala hlutina saman en ekki sundur. Mörgum steinum var velt: Greinilegur vilji var til að koma skólunum í gott form vegna framtíðarinnar, margar áskoranir í nútímanum, fjórða iðnbýltingin o.s.frv. Þurfum að hugsa um hvað þarf að kunna á morgun og eftir 20 ár. Stefnan um einstaklingsmiðað nám og skóla án aðgreiningar væri krefjandi. Aðaláherslan ætti að vera á

hvað börnunum er fyrir bestu – til framtíðar. Markmiðið ætti að vera félagslegi þátturinn, en ekki peningar; þau verði sem mest saman. Verðum að vera sveigjanleg í nútímasamfélagi og hugsa fram á við.

Flest voru fylgjandi því í upphafi að fá ráðgjafa utan frá til að leiða verkefnið með fólkinu, vildu fá yfirsýn og skilaboð frá þeim hópum sem ákveðið var að ráðgjafi ræddi við. Gæfi blöndu af sérþekkingu og upp kæmu fleiri hliðar á hlutunum.

5. Til umræðu

Ljóst er að sveitarstjórn þarf að taka ákvörðun um skipan unglíngastígsins í sveitarfélaginu til einhverra ára og ber til þess lagaleg skylda. Kjörnir fulltrúar höfðu áhyggjur. Núverandi ástand á samstarfi skólanna gengi ekki upp.

Þá er spurning: Á að höggva á hnútinn (í eina átt eða aðra) eða reyna að leysa hann með því að fara einhverja millileið sem margir geta sætt sig við? Eru fyrirbyggjandi tvær tillögur einhvers konar uppgjöf vegna skipulagsvanda? Eða eru þær hvor um sig lausn fyrir sitt leyti? Er unnt að sameina þær með einhverjum hætti? Má sameina núverandi skipan og skólástjórátillöguna á einhvern hátt (sbr. hér framar)? Er unnt að byggja næsta skref á styrkleikum hvors skóla?

Er unglíngunum í hag að gera ekki neitt? Hvað er unglíngunum fyrir bestu?

Einnig þarf að velja fyrir sér: Á að láta söguna stýra ákvörðunum nú? Á að láta neikvæð viðhorf milli byggðarkjarna sem eiga sér langa sögu stýra för?

VI. Samantekt

Segja má að sú skipan unglíngastígs í Bláskógabyggð sem verið hefur undanfarin ár hafi verið samstarfsverkefni með ýmiss konar samskiptum milli skólanna, en í raun án umtalsverðs eða þaulskipulags samstarfs. Þar hefur skortur á formlegu samkomulagi, t.d. með samningi, um fjölda atriða hindrað för. Það virðist lita mjög hug þeirra sem rætt var við til samstarfsins, einkum skólafólksins.

Við ákvörðun um næstu skref þarf að líta til þess að unglíngahópurinn sem hér um ræðir er fámennur, telur nú 35 nemendur, og ekki fyrirséð að hann stækki mikið á næstu árum. Ljóst má vera af viðhorfum unglínganna sem hér birtast að þau þyrstir í sem fjölmennastan félagsskap. Þau eru mjög jákvæð gagnvart því að vera sem mest saman, bæði í námi og leik. Svo er að sjá að langflest vilji halda áfram að stunda námið saman að einhverju marki, en skýrt að nemendur í BL vilja einnig stunda námið í sínum heimaskóla og finnst þau vera gestir í BR. Nemendur virðast ekki setja það almennt fyrir sig að þurfa að aka, stundum alllangar vegalendir, í skóla eða félagsstarfsemi. Endurtekin er hér spurningin (af bls. 16): Hve þungt á rödd nemenda að vigta í ákvörðunum um skipan unglíngastígsins?

Foreldrar voru jákvæð gagnvart skóla barns síns og lögðu greinilega talsvert á sig til að auðvelda unglíngunum þátttöku í ýmiss konar félagsstarfi.

Byggðamál komu sterkt inn í umræðu þeirra fullorðnu, þar með talin söguleg arfleifð, staðbundin viðhorf og hugsanleg sameining sveitarfélaga. Við ákvörðun um besta

fyrirkomulagið fyrir nemendur þarf að taka afstöðu til þess að hvaða marki sagan, átökin milli byggðarlaga eða reynslan af samstarfi án ítarlegrar formfestu ráði för.

Tvær tillögur um skipan unglíngastígsins liggja nú fyrir sveitarstjórn. Viðmælendur skiptust almennt séð í tvö horn í afstöðu sinni til efnis þeirra beggja, ef tekin var afstaða. Við hvoruga kom fram eindreginn stuðningur þegar á heildina er litið.

	Samstarf skólanna um þrjár þema-tengdar lotur á vetri í 3-5 daga í senn, til skiptis í skólunum.	Samstarf um að ungl. séu saman í valgr. í BR ákv. daga í viku.	Samstarf um að unglíngarnir séu ákv. daga saman í BR og ákv. daga í sitt hvorum heimaskóla.	Samstarf um að unglíngarnir séu ákv. daga saman í BL (þverfaglegt nám á áb. BL) og ákv. daga í sitt hvorum heimaskóla.	
Algerlega aðgreindir skólar, ekkert samstarf.	Skólstj.tillagan.	Var áður í nokkur ár.	Núverandi fyrirkomulag.	Núverandi skipulag og skólástj. tillaga sameinuð – með SAMNINGI um framkvæmd og ábyrgð.	Allir unglíngar saman á einum stað.
(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)
←---↓-----↓-----↓-----↓-----↓-----↓-----↓-----↓-----→					

Mynd 1. Þróun á samstarfi skólanna í Bláskógabyggð um unglíngastigið síðustu tvo áratugi og tillögur þar um

Tekin hafa verið ákveðin skref í skipan unglíngastígsins í Bláskógabyggð í gengum árin og lagðar fram tillögur þar um, sem sjá má sem tiltekna þróun. Ásinn á mynd 1 var dreginn upp til að gera þróunina sem skýrasta (dálkar 1, 3 og 4) og tengja hana við fyrirliggjandi tillögur um breytingar (dálkar 2 og 6) og hugmynd sem fram kom í viðtali (dálkur 5). Niðurstaðan verður einhvers staðar á þessum ási, lausn sem menn telja væntanlega að nemendum sé fyrir bestu og geti varað í einhvern tíma.

Velta má fyrir sér hvort ekki megi þróa og móta samstarf um unglíngastigið í Bláskógabyggð sem gæti orðið fyrirmynd að samvinnu innan dreifðra sveitarfélaga eftir frekari sameiningar, eins og einn viðmælandi benti á. Það gæti kannski komið sér vel á öðrum stöðum árið 2026 (sjá kafla I.2). Þróunarstyrkir til skólanna í verkefni um ákveðin skref, sterk samhæfingarstjórnun í höndum eins aðila og greinargóður samningur gætu orðið stuðningur í þeim efnum.

Aldrei verður tekin endanleg ákvörðun í þessu máli frekar en öðrum, en vandamál eru til þess að finna á þeim lausnir, eins og einn viðmælandi komst að orði. Annar sagði: „Það þarf einhver að rífa plásturinn af!“ Þessi skýrsla var hugsuð sem kortlagning á viðhorfum og væntingum fjölda aðila sem málið varðar. Ef plástrar hafa verið hér og þar og falið eða haldið niðri viðhorfum hafa sumir þeirra kannski verið rifnir af. Efni skýrslunnar skýrir vonandi að einhverju marki hvernig landið liggur, dýpkar skilning á ólíkum sjónarmiðum og gerir málsaðilum þar með auðveldara að setja sig í spor hvers annars. Frjó umræða í framhaldinu getur vísað veginn að meginmarkmiði þessa verkefnis, sem er að skapa nemendum á unglíngastigi í Bláskógabyggð sem bestar náms- og uppeldisaðstæður – með öðrum orðum svara spurningunni: Hvað teljum við unglíngunum fyrir bestu?